

**Seðlabankar um allan heim**  
Dæla peningum inn á markaðinn



**Milestone**  
Horfir til næstu áfanga



**Framtíð krónubrifaútgáfu**  
Í okkar eigin höndum



## Íhugar skráningu í Svíþjóð

Karl Wernersson, stjórnarformaður Milestone, segir að þær breytingar sem hafi orðið á félaginu á árinu leiði til þess að hann og forsvarsmenn félagsins íhugi hvort opna eigi félagið fyrir öðrum fjárfestum. Hann getur séð það fyrir sér að undir lok ársins liggi fyrir hvort Milestone verði skráð á hlutabréfmarkað á næstu misserum.

Milestone lauk nýverið við yfirtöku á sænska fjármálafyrirtækinu Invik. Karl telur að helstu lykiltölur og árangur Milestone ættu að gera félagið að álitlegum kosti á hlutabréfmarkaði og með hlöðsjón af fjárfestingunni í Invik yrði einkum litið til sænska markaðarins í því sambandi.

Einnig sé ljóst að verðmæti sambærilegra félaga hafi hlutfallslega vaxið meðal annars í kjölfar breytinga sem orðið hafa á sparnaðarformum og þörf fyrir fjármálaþjónustu í samfélaginu. Hins vegar muni endanleg ákvörðun taka mið af vaxartækifærum á markaði.

„Hingað til hefur okkur tekist að vaxa án þess að sækja okkur auknið hlutfélag á markað. En þegar félög eru komin upp í þessa stærð þá er ljóst að umtalsverður vöxtur krefst umtalsverðs fjármagns. Það má alveg hugsa sér það að í tengslum við spennandi yfirtöku á næstu árum munum við opna félagið.“

— eþa / sjá bls. 8-9

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Selur Eddu** | Mál og menning-Heimskringla hefur keypt bókaútgáfuhluta Eddu útgáfu af Ólafsfelli, félagi í eigu Björgólfs Guðmundssonar. Almenna bókafélagið verður áfram í eigu Ólafsfells.

**Bankamönnum fjölgar** | Bankamönnum hefur fjölgað um fimmtung frá áramótum. Um 7.740 manns störfuðu hjá bönkunum um mitt þetta ár. Í upphafi árs var fjöldinn 6.445.

**Andstæðir kraftar** | Áhættufælni á alþjóðamörkuðum myndar þrýsting til veikingar krónunnar á meðan mikill vaxtamunur þrýstir henni upp. Þessir andstæðu kraftar hafa valdið sveiflum á krónunni undanfarið.

**Minna tap** | Verulega dró úr tapi 365 á fyrsta árshefningu. Félagið skilaði um áttatíu milljarða króna tapi, samanborið við 1.372 milljóna króna tap á síðasta ári, þá undir merkjum Dagsbrúnar.



**Fátækari vísitala** | Mosaic Fashions var fjarlægð úr Úrvals-vísitölu Kauphallarinnar á mánudag í kjölfar þess að félagið Tessera Holding ehf. og tengdir aðilar eignuðust 99,8 prósent í félaginu.

**Nasdaq fýsilegri** | Yfirtaka Nasdaq á OMX er fýsilegri kostur en yfirtaka kauphallarinnar í Dubai. Þetta segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands. Í baráttu stefnir milli kauphallanna.

**Yfir spám** | Hagnaður Marels nam að jafnvirði 670,8 milljónum íslenskra króna á öðrum ársfjórðungi, samanborið við 71,9 milljónir á sama tímabili í fyrra. Afkomun var yfir væntingum.

**Útsölu hjálpa** | Verðbólga í ágúst mælist 3,4 prósent og lækkadi úr 3,8 prósentum í mánuðinum á undan. Verðlækkunarir vegna útsala höfðu talsverð áhrif á vísitölu neysluverðs sem er nú 273,1 stig.

# Gengi krónu lýtur erlendum kröftum

Veiking krónunnar í kjölfar óróa á alþjóðamörkuðum gengur að stórum hluta til baka á síðari hluta árs. Gengi krónunnar verður sífellt háðara þróun á mörkuðum erlendis.

Jón Skaftason  
skrifar

„Við spáum því að krónan komi til baka, og styrkist aftur á síðari hluta árs,“ segir Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur hjá greiningu Glitnis. Krónan hefur veikt um tæp níu prósent síðustu þrjár vikur.

Jón Bjarki segir spána þó taka mið af því að ró færast á ný yfir alþjóðamarkaði, sem hafa tekið dýfu undanfarnar vikur vegna fregna af vanskilum á húsnæðislánum í Bandaríkjunum. „Krónan nær þó ekki hæðum sumarsins, en við spáum að gengisvísitalan verði í 116 til 117 stigum nú í haust þegar gengið verður hvað sterkast.“

Gengisvísitala krónunnar fór lægst í 110,12 stig 24. júlí síðastliðinn, en stóð í um 121 stigi í gær. Hæst fór gengisvísitalan í 121,5 stig þann 10. ágúst.

Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðingur Seðlabanka Íslands, segir að krónan verði sífellt háðari þróun á alþjóðamörkuðum. „Takist Seðlabönkunum víða um heim að róa markaði, og í ljós kemur að tap erlendra banka vegna viðsnúnings á bandaríska fasteignamarkaðnum er hóflegt, þykir mér líklegt að krónan nái stöðugleika á ný og styrkist,“ segir Þorvarður Tjörvi.

Jón Bjarki tekur undir þessi sjónarmið Þorvarðar Tjörva, en telur að þótt óróinn reynist skammvinnur kunní ástand síðustu vikna að draga dilk á eftir sér „Svo kann að fara að ákveðin áhættufælni sitji eftir í mönnum, auk þess sem aðgengi að fjármagni verður líklega erfiðara en það var fyrr á árinu. Ef þessi skjálfti verður viðvarandi á mörkuðum getur hreinlega orðið svo að einhverjir fjárfestar telji sig tilneydda til að losa sig út úr fjárfestingum hér á landi,“ segir Jón Bjarki. Hann bætir hins vegar við að Ísland sé ekki talið áhættusamara en önnur lönd um þessar mundir þegar kemur að fjárfestingum.

Jón Bjarki segir að hér áður fyrr hafi menn ekki velt sérstaklega fyrir sér skoðunum erlendra fjárfesta á krónunni. „Stórfréttir á borð við niðurskurð á þorskaflanum hefðu nánast slegið gengi krónunnar niður fyrir nokkrum misserum, en hafa nú lítil áhrif á gengið.“

Samkvæmt hagspá greiningar Glitnis mun krónan veikjast hratt á næsta ári, samhliða væntanlegum stýrivaxtalækkunum Seðlabankans. Telja sérfræðingar bankans að gengisvísitalan muni standa í tæpum 130 stigum undir lok árs 2008.

## Baugur hagnast um tuttugu milljarða á fyrri hluta árs

Vanskil á fasteignalánum í Bandaríkjunum hafa ekki teljandi áhrif.

Hagnaður Baugs á fyrstu sex mánuðum árs nam rúmum tuttugu milljörðum króna. Arður og innleystur hagnaður voru um tuttugu og þrjú milljarðar króna. Jón Ásgeir Jóhannesson, starfandi stjórnarformaður Baugs, segist ekki geta verið annað en sáttur við uppgjörið, eignamyndun í óskráðum eignum hafi verið góð á tímabilinu, þótt hún endurspeglar ekki nema að



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

litlu leyti í þessum tölum.


Ástandið á bandaríska húsnæðismarkaðnum hefur ekki haft áhrif á óskráð félög í eigu Baugs að sögn Jóns Ásgeirs. Félagin séu öll fjármögnuð til lengri tíma en þriggja ára. „Óskráð félög okkar munu skila um sextíu milljörðum króna í EBITDA hagnað á þessu ári. Skuldir þeirra eru innan við þrisvar sinnum EBIDTA, sem telst létt skuldsetning miðað við það sem maður sér í

kringum sig.“

Talsverðar sveiflur hafa verið á mörkuðum undanfarnar vikur. Jón Ásgeir segir að vissulega hafi hræringar á markaði haft einhver áhrif á félagið, en kveðst ekki missa svefn yfir þeirri þróun. „Við höfum gegnum tíðina notfært okkur yfirskot á mörkuðum eins og við erum að sjá í dag. Aðalatriðið er hins vegar að undirliggjandi rekstur skráðra eigna er góður. Ef svo væri ekki ætti maður kannski eina og eina svefnlausu nótt.“ —jsk



Tíma- og verkskráning fyrir starfsmenn og tæki  
www.trackwell.com



**Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar**

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

|     |        |
|-----|--------|
| ISK | 14,0%* |
| GBP | 7,0%*  |
| USD | 5,1%*  |
| EUR | 4,4%*  |
| CAD | 4,3%*  |
| DKK | 5,4%*  |

**Landsbankinn**

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluöðli sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útböðlsýsingar og útdráttar úr útböðlsýningu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

\* Nafnvöxtun á ársgrundvelli frá 1. júlí - 31. júlí 2007.

## GENGISPRÓUN

|                 | Vika   | Frá áramótum |
|-----------------|--------|--------------|
| Atorka          | -3,09% | 34,47%       |
| Bakkavör        | 0,15%  | 7,20%        |
| Exista          | -7,15% | 50,00%       |
| FL Group        | -3,32% | 2,75%        |
| Glitnir         | -2,91% | 21,89%       |
| Eimskipafélagið | -2,69% | 22,31%       |
| Icelandair      | -1,49% | 1,27%        |
| Kaupþing        | -5,23% | 33,53%       |
| Landsbankinn    | -0,89% | 48,49%       |
| Mosaic Fashions | +1,74% | 14,38%       |
| Straumur        | -3,60% | 15,52%       |
| Teymi           | 0,36%  | 4,25%        |
| Össur           | -3,23% | -7,08%       |

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

## Virði SPRON hátt yfir verðmati Capacent

Pegar lokað var fyrir með viðskipti á stofnfjárbréfum í SPRON þann 7. ágúst var stofnfé sparissjóðsins metið á rúma 103 milljarða króna. Samkvæmt verðmati Capacent ráðgjafar, sem unnið var vegna hlutafjársvæðingar sparissjóðsins, er SPRON metinn á 59,4 milljarða króna. Því munar um 43,6 milljörðum króna á markaðsverði SPRON við lokun stofnfjárviðskipta og því verðmati Capacent sem haft er til hliðsjónar.

Guðmundur Hauksson, sparissjóðsstjóri SPRON, bendir á að verðmat Capacent miðist við

1. apríl en frá þeim tímapunkti hefur almenn hækkun orðið á félagum.

Boðað hefur verið til stofnfjáreigendafundar næsta þriðjudag þar sem lagt verður til að þessi stærsti sparissjóður landsins sameinist hlutafélaginu SPRON. „Við teljum að þessi breyting muni auðvelda okkur annars vegar að sækja auknið eigið fé í formi hlutafjár og hins vegar aðgang að lánsfé,“ segir Guðmundur.

Samkvæmt samrunaáætlun hækkar nafnverð hlutafjár í SPRON hf. um fimm milljarða króna í tengslum við samrun-

ann og fá stofnfjáreigendur um 85 prósent þeirrar upphæðar í skiptum fyrir stofnfjárbréf sín. Restin rennur til sjálfseignarstofnunarinnar SPRON-sjóðsins sem fær um 750 milljónir króna að nafnverði eða 8,9 milljarða að markaðsverði. Þá er lagt til við hluthafafund að stjórnir fái heimild til að hækka hlutafé um hálfan milljarð króna að nafnverði.

Guðmundur segir að samþykki stofnfjáreigendur breytinguna fari boltinn til Fjármálaeftirlitsins. „Samþykki FME þetta þá hefst næsti áfangi að reyna að fá skráningu í Kauphöllina.“ -eþa

## Babb í bátinn hjá B&amp;O

Forsvarsmenn hljómtækjaframleiðandans Bang & Olufsen (B&O) reikna með að hagnaður fyrir skatta verði á bilinu 540-570 milljónir danskra króna á næsta reikningsári. Það er töluvert undir meðaltalsspá markaðsaðila sem hljóðaði upp á 602 milljónir danskra króna.

Hlutabréf í B&O hafa fallið um fimmtán prósent frá áramótum. FL Group, sem var með ríflega tíu prósent hlut í félaginu, seldi allan sinn hlut í lok maí á geginu 700 danskra krónur á hlut. Gengi bréfa í B&O stóð í 616 í gær. -eþa

## Hagnast um 2,2 milljarða króna

Fjárfestingafélagið Eyrir Invest hagnaðist um rúma 2,2 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við tap upp á 978 milljónir króna á sama tíma fyrir ári.

Eigið fé Eyrir nam rúmum 15,3 milljörðum króna í lok júní en var rétt tæpir 12 milljarðar króna í upphafi árs. Það jafngildir 18 prósentu ávöxtun á sex mánaða tímabili. Eiginfjárlutfall nemur 44 prósentum. Eyrir jók hlutafé á tímabilinu um 1.177 milljónir króna.

Heildareignir Eyrir voru tæpir

34,9 milljarðar króna í lok júní en það er þrjátíu prósentu aukning frá ársbyrjun.

Stærstu eignirnar eru í Marel Food Systems og stoðtækjafyrirtækinu Össuri en það á auk þess fjórutíu prósentu hlut í LME eignarhaldsfélagi ásamt Landsbankanum og Marel sem heldur utan um fjórðungshlut í hollensku iðnsamstæðunni Stork NV. Félagið lítur á eignina í Stork sem kjölfestufjárfestingu líkt og eignir þess í hinum félögunum tveimur, að því er fram kemur í tilkynningu. -jab

## Krefjast ógildingar

Fjármálaeftirlitinu hefur verið send kæra vegna ólögðrar atkvæðaskrár á fundi Sparissjóðs Skagfirðinga. Kærandi er Bjarni Jónsson, sem fer með stofnbréf fyrir hönd eignarhaldsfélagsins Fræðaveitunnar.

Stofnfjáreigendur samþykktu á mánudagskvöld að sameina ætti Sparissjóð Skagfirðinga og Spari-

sjóð Siglufjarðar. Mikill hiti var á fundinum en 36 stofnfjáreigendur, sem ráða 2.649 atkvæðum, samþykktu sameininguna. Sextíu fundarmenn, sem ráða yfir 760 atkvæðum, voru hins vegar á móti.

Bjarni Jónsson krefst þess í kærinni að fundurinn verði úrskurðaður ólöglegur, og atkvæðagreiðslan þar með ógilt. -jsk

## Áhrif á verðbólgu lítil

Gengislækkun krónunnar að undanförunu ætti ekki að stuðla að aukinni verðbólgu.

Í Morgunkorni Glitnis segir að gengisstyrking krónunnar undanfarna mánuði hafi verið það skammvinn að hún hafi aðeins að litlu leyti komið fram í minni innfluttri verðbólgu. Eldsneytisverð hefið tekið mið af gengislækkuninni en aðrir vöruflökk-

ar aðeins að afar litlu leyti. Þar sem gengisstyrking krónunnar á sumarmánuðum hafi ekki komið fram, nema að afar takmörkuðu leyti, í verði innfluttrar vöru telur Greining Glitnis nýliðna gengislækkun ekki tilefni til verðhækkunar á innfluttri vöru. Gengi krónunnar sé svipað nú og það var á fyrstu mánuðum ársins. -hhs

## Áfengisgjald rýrnar

Áfengisgjald af sterku áfengi hefur rýrnað um þrettán prósent að raunvirði frá síðustu breytingu á áfengisgjaldi árið 2004, samkvæmt frétt á vefsíðu fjármálaráðuneytisins.

Fram kemur í frétt ráðuneytisins að samkvæmt lögum um áfengi og tóbak frá árinu 1995, sé áfengisgjald lagt á hvern sentilítra af vínanda í hverjum lítra

hins áfenga drykkjar umfram 2,25 sentilítra. Af bjór er áfengisgjaldið 58,7 krónur, af léttvíni 52,8 krónur en 70,78 af sterku áfengi.

Áfengisgjaldi af léttu víni og bjór var síðast breytt árið 1998. Síðan þá hefur vísitala neyslurverð hækkað úr 183,6 í 273 stig, og áfengisgjald af léttu víni og bjór því rýrnað um þriðjung að raunvirði. -jsk


## Bollywood nær en margur gæti ætlað

Formaður Samtaka kvikmyndaframleiðenda á Indlandi telur Ísland að mörgu leyti ákjósanlegan tókustað fyrir indverskar kvikmyndir.

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir skrifar

Formaður Samtaka kvikmyndaframleiðenda á Indlandi, Amit Khanna, telur Ísland að mörgu leyti ákjósanlegan tókustað fyrir indverskar kvikmyndir. Khanna er stjórnarformaður eins stærsta afþreyingarfyrirtækis á Indlandi, Reliance Entertainment, sem er hluti af indversku risasamsteypunni Reliance Entertainment á Indlandi. Khanna segir það sem helst myndi standa tókum hér á landi fyrir þrifum vera að ekki er beint flug milli Indlands og Íslands. Allt of kostnaðarsamt yrði að ferja hingað tókulið og leikara, ef ekki væri unnt að fljúga beint.

Khanna var nýverið staddur hér á landi í einkaerindum. Átti hann óformlegan fund með Einarri Hansen Tómassyni, verkefnastjóri hjá Fjárfestingarstofnunni, sem rekur undirstofnunina Film in Iceland. „Ég kynnti fyrir honum möguleikana í því að taka upp kvikmyndir á Íslandi og þá fjórtán prósentu endurgreiðslu kostnaðar sem íslenska ríkið býður erlendum kvikmyndaframleiðendum sem taka upp hér á landi,“ segir Einar. Hann segir þó engra sérstakra tíðinda að



KVIKMYNDAGÚRÚINN AMIT KHANNA Khanna telur það helst standa í vegi fyrir samvinnu Íslands og Indlands á kvikmynda-sviðinu að ekki sé beint flug landanna á milli. MARKAÐURINN/RÓSA

vænna af íslensk-indversku samstarfi, að minnsta kosti ekki í bráð. Raunar sé heldur ólíklegt að mannaflafrakar kvikmyndir verði teknar upp hér á landi í nánustu framtíð.

Bollywood-mynd tekin upp á Íslandi er þó ekki eins fjarstæðu-

kennd hugmynd og hún gæti hljómað. Mjög hefur færst í aukana að indverskar kvikmyndir séu teknar upp á erlendri grundu. Sviss hefur til að mynda verið vinsæll upptökustaður og tugir Bollywood-mynda eru teknir upp þar í landi á ári undanfarin ár. Þetta hefur auðgað svissneskan kvikmyndaíðnað en ekki síst ferðamannaíðnaðinn. Fyrir vikið er Sviss orðið vinsæll áfangastaður indverskra ferðamanna sem eru tilbúnir að leggja undir sig lang ferðalag til að sjá með eigin augum snævi þakka tindana úr kvikmyndunum.

Sviss er ekki á meðal ódýrustu landa heims, frekar en Ísland. Svissnesk stjórnvöld, kvikmyndaíðnaðurinn og ferðaþjónustan hafa hins vegar mjög meðvitad ýtt undir komur kvikmyndaferðarmanna þangað. Annar augljós kostur landsins fram yfir Ísland er að þaðan er beint flug til Indlands, sem ekki er fyrir að fara hér á landi. Sumarið 2005 var þó undirritaður loftferðasamningur milli Íslands og Indlands. Því hlýtur að vera tímaspursmál hvenær skipulagðar ferðir hefjast. Þá ætti nýr samningur um indverskt sendiráð á Íslandi einnig að liðka fyrir öllum samskiptum.

## Höfum ekki sagt okkar síðasta

„Órói á mörkuðum getur falið í sér margvísleg tækifæri fyrir fyrirtæki á borð við Marel,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri fyrirtækisins, en hann fór yfir afkomu þess og horfur á fundi með greinendum á mánudagsmorgun. Hörður segir Marel skoða á hverjum tíma tvö til fjögur fyrirtæki með yfirtöku í huga, en þar ber hæst áhuga félagsins á Stork Food Systems.

Hörður segir Marel fjárhagslega sterkt fyrirtæki en undanfarið hafi umsvif *private equity* fjárfestingasjóða keyrt upp verð á fyrirtækjum. „Sá órói sem við höfum séð á fjármálamörkuðum og orðrómur um takmarkað aðgengi að lánsfé getur því falið í sér tækifæri fyrir vel fjármögnuð fyrirtæki á borð við Marel því að samkeppnin um kaupin verður minni og verð lægri.“

Varðandi hlutinn í Stork segir Hörður ljóst að LME eignarhaldsfélag taki ekki yfirtökutilboði Candovers í félagið og telur ólíklegt að það verði samþykkt, enda sé það undir gengi bréfa Stork á markaði. Hann segir Marel hafa átt í óformlegum viðræðum um kaup á Food Systems, en þær ekki skilað árangri.

Þótt Hörður vilji fara varlega í yfirlýsingum má ljóst vera af orðum hans að slagurinn um Stork heldur áfram. „Við erum klárlega ekki búnir að segja okkar síðasta í þessu máli,“ segir hann, en kveðst þó ekki tilbúinn að greiða hvað sem er fyrir Stork. „En við höfum verið að kaupa undanfarna mánuði og ekki komið nein yfirlýsing um að við séum hættir því.“

-óka

## HVENÆR SEM ER

Upplýsingar af fjármálamarkaðnum í símann þinn með því að tengjast <http://m.mentis.is>

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI til 1. júlí á <http://m.mentis.is>

MARKAÐSVAKTIN mobile



mentis HUGBÚNAÐUR

# FORSKOT FYRIR KRÖFUHARÐA

**ThinkPad**

ThinkPad er heill tölvuheimur fyrir kröfuharða notendur og býr yfir ThinkVantage tækni sem einfaldar daglega notkun og tryggir öryggi. Yfirburða tækni, gæði, lág bilanatíðni, öryggi og hönnun eru höfð í fyrirrúmi.

Frá því ThinkPad fartölvur komu á markað hafa þær unnið til meira en 1200 verðlauna fyrir hönnun og virkni og er því mest verðlaunaða fartölva sögunnar. Frábær virkni tölvunnar ásamt þjónustu Nýherja setur þig í öruggar hendur.



FINGRAFARALESAFI



LENGRI RAFHLÖÐUENDING



GAGNABJÖRGUN MEÐ EINUM TAKKA



FALLVÖRN



### ThinkPad T60 Wide

Intel Core 2 Duo T5500  
1,6GHz m.2 kjörnum / 2MB

1x1GB 667MHz DDR2 minni  
mest 4GB

80GB 5400sn harður diskur

15,4" breiðtjaldsskjár / 1280x800  
Intel GMA 950 128MB PCI-e

Bluetooth netkort, 54g WiFi  
DVD±RW DL skrifari

Fingrafaralesari, öryggisörgjörvi  
APS vörn fyrir gögnin

1 x ExpressCard, PC Card

Þyngd 2.75 kg

Windows® XP Pro

Mánaðarlegar  
greiðslur\*: **5.590 kr.\***

Verð: **159.900 kr.**

### ThinkPad R61

Intel Core 2 Duo T7100  
1,8GHz m.2 kjörnum / 2MB

1x1GB 667MHz DDR2 minni  
mest 4GB

80GB 5400sn harður diskur

14,1" breiðtjaldsskjár / 1280x800  
Intel Med. Acceler. X3100 256MB

Bluetooth netkort, 54g WiFi  
DVD±RW DL skrifari

Öryggisörgjörvi  
APS vörn fyrir gögnin

PC Card, Smartkortalesari

Þyngd 2.5 kg

Windows® Vista Business

Mánaðarlegar  
greiðslur\*: **5.590 kr.\***

Verð: **159.900 kr.**

### ThinkPad T61 Wide

Intel Core 2 Duo T7100  
1,8GHz m.2 kjörnum / 2MB

2x1GB 667MHz DDR2 minni  
mest 4GB

80GB 5400sn harður diskur

14,1" breiðtjaldsskjár / 1280x800  
Intel Med. Acceler. X3100 256MB

Bluetooth netkort / 200n WiFi  
DVD±RW DL skrifari / Firewire

Fingrafaralesari, öryggisörgjörvi  
APS vörn fyrir gögnin

PC Card, Smartkortalesari

Þyngd 2.5 kg

Windows® Vista Business

Mánaðarlegar  
greiðslur\*: **6.639 kr.\***

Verð: **189.900 kr.**

### ThinkPad T61 Wide

Intel Core 2 Duo T7300  
2GHz m.2 kjörnum / 4MB

2x1GB 667MHz DDR2 minni  
mest 4GB

100GB 7200sn harður diskur

14,1" breiðtjaldsskjár / 1440x900  
nVidia Quadro NVS 140M 128MB

Bluetooth netkort, 200n WiFi  
DVD±RW DL skrifari / Firewire

Fingrafaralesari, öryggisörgjörvi  
APS vörn fyrir gögnin

PC Card, Smartkortalesari

Þyngd 2.5 kg

Windows® Vista Business

Mánaðarlegar  
greiðslur\*: **7.688 kr.\***

Verð: **219.900 kr.**

**lenovo**  
PREMIUM  
WARRANTY  
SERVICE  
PROVIDER

Nýherji hefur fjögur ár í röð verið útnefndur „Premium Warranty Service Provider“ af Lenovo fyrir framúrskarandi þekkingu og góða þjónustu á Lenovo tölvum.

Verið velkomin í verslun Nýherja, Borgartúni 37, þar sem við aðstoðum við val á réttu fartölvunni. Söluaðilar um land allt.

[www.lenovo.is](http://www.lenovo.is)

Nýherji hf.

Borgartúni 37

105 Reykjavík

Sími 569 7700

[www.nyherji.is](http://www.nyherji.is)



**NÝHERJI**

## Hugsar ekki vel um blómin

James Barnes, forstjóri skosku garðvörukeðjunnar Dobbies, sakar skoska auðkýfinginn sir Tom Hunter um að bera eigin hag fyrir brjósti fremur en hluthafa.

Breski stórmarkaðarisinn Tesco gerði 156 milljóna punda, um 20 milljarða króna, yfirtökutilboð í Dobbies um miðjan júní síðastliðinn. Hunter, sem á fyrir nokkrar garðvörukeðjur, hefur hins vegar frá upphafi sagt tilboðið of lágt og endurspeglar ekki virði garðvörukeðjunnar. Hunter hefur lagt móttíloð gegn Tesco á hilluna en tryggði sér 27 prósent hlutabréfa í versluninni á föstudag.

Breska dagblaðið Telegraph

hefur eftir Barnes, sem þegar hefur selt Tesco alla hluti sína í Dobbies, að yfirtökutilboðið sé mjög gott. Varaði hann við að drægi Tesco boð sitt til baka myndu standa eftir tveir stórir hluthafar með andstæð sjónarmið.

Blaðið hefur eftir talsmanni West Coast Capital, fjárfestingafélagi Hunters, að engu verði spilt því félagið leggi sig fram um að ná sem mestum hagnaði úr fjárfestingum sínum.



**TOM HUNTER** hefur hætt við að leggja fram yfirtökutilboð í Dobbies.

## Matvöruverð skaut verðbólgu upp

Verðbólga mældist 5,6 prósent í Kína í síðasta mánuði og hefur ekki verið hærrí í rúman áratug, samkvæmt nýbirtum gögnum hagstofu Kína.

Verðhækkunar á matvöru leiða hækkunar. Af einstökum matvælum hækkandi verð á svínakjöti mest, um 45,2 prósent, en verð á eggjum fór upp um rúm 30 prósent.

Bandaríska viðskiptatímaritið Forbes hefur eftir kínverskum ráðamönnum að þeir séu ugðandi yfir því að sá 11,9 prósentahagvöxtur sem mældist á öðrum ársfjórðungi geti leitt af sér enn meiri verðbólgu á næstu mán-



**KÍNVERSKIR HERMENN** Verðbólga hefur ekki mælt hærrí í Kína í áratug. Miklar hækkunar á matvöruverði skýra verðbólgu.

uðum. Séu líkur á að kínverski seðlabankinn gripi til aðgerða til að draga úr aðgengi einstaklinga og fyrirtækja að lánsfé, svo sem með hækkun stýrivaxta og með öðrum hamlandi þrepum, að sögn blaðsins.

Talsmaður hagstofu Kína segir hins vegar að óþarfi sé að bregðast harkalega við á næstunni enda liggi hækkunin nú fyrst og fremst í hækkun á matvöruverði sem sé tilkomin vegna lítills framboðs af svínakjöti á markaði. Aðrir vörflokkar, svo sem verð á fatnaði, hafi hækkað talsvert minna, eða einungis um 0,9 prósent, á sama tíma.

## Smásöluverslun jókst vestanhafs

Smásöluverslun í Bandaríkjunum jókst um 0,3 prósent á milli mánaða í júlí. Sé sala á bílum og eldsneyti undanskilin úr tölunum nemur hækkunin 0,4 prósentum, samkvæmt nýútkomnum tölum bandaríska viðskiptaráðuneytisins. Þetta er 0,1 prósentustigi meira en greinendur höfðu gert ráð fyrir. Þá er þetta talsverður bati frá mánuðinum á undan en þá dróst smásöluverslun saman um 0,7 prósent á milli mánaða.

Tölur um smásöluverslun eru lykilvísir í bandarískum hagtolum en þær þykja einkar góð vísending um horfurnar í bandarísku efnahagslífi á næstu mánuðum. Tölurnar nú sýna að neytendur eru bjartsýnir þrátt fyrir hræringar á helstu mörkuðum.

Bandaríska fréttaveitan Bloomberg hefur eftir greinanda hjá Wachovia, fjórða stærsta banka Bandaríkjanna, að fjárfestar, sem höfðu áhyggjur af því að samdráttur á fasteignalánamark-



**Í INNKAUPEIÐANGRI** Aukning í smásöluverslun í Bandaríkjunum sýnir að neytendur halda ekki að sér höndum þrátt fyrir þrengingar á fasteignalána- og fjármálamarkaði líkt og óttast var.

aði vestanhafs hefði áhrif á neytendur, geti nú andað léttar.

## Vinna að jafnvægi á fjármálamarkaði

Seðlabankar dæla fé inn á markaðinn til að koma á jafnvægi. Bloomberg segir stýrivaxtalækkun liggja í loftinu.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

Evrópski seðlabankinn opnaði pyngjur sínar á ný í vikubyrjun og veitti fjármálastofnunum aðgang að fjármagni á fjögurra prósentavöxtum til að mýkja áhrif skellsins á hlutabréfamarkaði á föstudag og koma í veg fyrir að hann endurtæki sig. Þetta er þriðji dagurinn í röð sem seðlabankinn veitir vilyrði fyrir lánnum sem þessum. Fjöldi annarra banka hefur gripið til sömu ráða, svo sem seðlabanki Bandaríkjanna, Ástralíu og Japans auk þess sem seðlabankar í fleiri Asíulöndum ætla að hugsa málin. Heildarvirði lánanna nemur 289,7 milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði rúmra nítján þúsund milljarða íslenskra króna sem bankarnir geta sótt sér til seðlabankanna. Bankastjórar allra banka segja að með þessu hafi jafnvægi skapast á fjármálamarkaði.

Skýringin á niðursveiflunni á alþjóðlegum hlutabréfamarkaði á föstudag í síðustu viku liggur í miklum samdrætti á fasteignalánamarkaði í Bandaríkjunum, sem sérhæfir sig í útlánnum til einstaklinga með lélegt láns-



**HEIMILI SEM TEKID HEFUR VERID UPP Í SKULDIR** Bloomberg segir líkur á að Seðlabanki Bandaríkjanna muni gripa til mótvægisáðgerða gegn samdrætti á fasteignalánamarkaði vestanhafs.

hæfi. Samdráttarinn varð fyrst vart á vordögum vestra þegar vanskil á fasteignalánamarkaði jukust mikið. Hann einskorðaðist hins vegar við fjármálastofnarnar á þessum sérstaka markaði. Þrátt fyrir væringar á fjármálamörkuðum á vordögum ákvað Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, að verða ekki við óskum ugðandi fjárfesta og koma til móts við þrengingarnar með lækkun stýrivaxta.

Fréttaveitan Bloomberg hefur eftir sérfræðingi hjá Citigroup í Lundúnum í Bretlandi, að þótt ástandið hafi náð jafnvægi þá gegni öðru máli um viðhorf manna. „Óttinn mun líða hjá hægt og bitandi,“ segir sérfræðingur-

inn í samtali við Bloomberg, sem gagnrýnir þá Bernanke, Henry Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, og fleiri ráðamenn í þar í landi sem gerðu fátt til að koma í veg fyrir skellinn með tilhlýðilegum aðgerðum.

Að mati Bloomberg hefði verið hægt að koma í veg fyrir viðlíka tiring og á föstudaginn með lækkun stýrivaxta en slíkt hefði bætt úr lausafjárstöðu fjármálastofnana og lækkað vaxtabyrði lántaka.

Bloomberg segist að einmitt nú verði breyting á til að vega upp á móti niðursveiflunni. Þannig séu líkur á að Seðlabanki Evrópu hækki stýrivexti sína um 25 punkta á næsta fundi sínum í næsta mánuði og muni þeir standa í 4,25 prósentum út árið. Óvíst er um aðgerðir annarra banka. Mestu munar þó um ákvörðun bandaríska seðlabankans en Bloomberg telur bankann koma til móts við erfiðleikana á fjármagnsmarkaði með 25 punkta stýrivaxtalækkun um miðjan september. Verði það raunin verða Bandaríkin þau fyrstu af G-7 löndunum, sjö stærstu iðnríkjum heims, til að lækka stýrivexti.

## Pliva dró úr Barr

Hagnaður bandaríska lyfjafyrirtækisins Barr nam 45,3 milljónum Bandaríkjadala, rúmlega 2,9 milljörðum króna, á öðrum fjórðungi ársins. Þetta er 41 prósent samdráttur frá sama tíma í fyrra og skrifast að mestu leyti á mikinn kostnað vegna kaupa á króatíska samheitalyfjafyrirtækinu Pliva í október í fyrra.

Barr keppti við nokkur lyfjafyrirtæki um Pliva. Þar á meðal Actavis, sem dró sig út úr baráttunni þar sem það taldi verðmiðann á Pliva orðinn of háan. Barr greiddi 2,4 milljarða dala, eða 170,5 milljarða íslenskra króna, fyrir félagið.

Hagnaður Barr jafngildir 41 senti á hlut, sem er langt undir væntingum greinenda en þeir höfðu reiknað með 72 sentum á hlut, að sögn fréttastofu Reuters.



**HÖFUÐSTÖÐVAR PLIVA** Kaup Barr á króatíska samheitalyfjafyrirtækinu Pliva í fyrra voru fyrirtækinu dýrara en greinendur gerðu ráð fyrir.

Tekjurnar námu 637 milljónum dala, en það er 81 prósent aukning frá sama tíma í fyrra. Sala á vörum fyrirtækisins rúmlega tvöfaldaðist á milli ára og skrifast að mestu á sölu vara undir merkjum Pliva.

## Þreföldun á pari við væntingar

Bandaríska fjárfestingasjóðurinn Blackstone Group skilaði 774 milljóna Bandaríkjadala hagnaði á öðrum fjórðungi ársins. Þetta jafngildir tæplega 51 milljarði íslenskra króna, sem er þreföldun frá sama tíma fyrir ári. Þetta er í takt við væntingar greinenda.

Stephen Schwarzman, for-

stjóri Blackstone Group, er að vonum hæstánægður með árangurinn. Fyrirtækið ætli hins vegar ekki að draga lappirnar heldur ætli það að halda áfram á sömu braut þrátt fyrir hræringar á fjármálamarkaði.

Blackstone var skráð á hlutabréfamarkaði í júní. Gengið hefur dalað talsvert eftir skrán-

ingu og stendur nú undir útboðsgengi.

Fyrirtækið ætti að vera vel reiðubúið fyrir næstu skref því stutt er síðan það lauk við að safna 21,7 milljörðum dala, jafnvirði 1.376 milljörðum íslenskra króna, í nýjan sjóð frá fjárfestum. Þetta er stærsti sjóður sinnar tegundar í heiminum.

Að svara tölvupósti með farsímanum þegar þú bíður eftir að komast á teig á fyrstu holu

BlackBerry

Það er Síminn

## Branson stækkar flotann

Breski auðkýfingurinn sir Richard Branson stóð í ströngu í síðustu viku við að stækka markaðshlutdeild sína í háloftunum. Fyrsta þota bandaríska lág-gjaldaflugfélagsins Virgin America, sem Branson á stóran hlut í, fór í loftið fyrir viku auk þess sem hann festi kaup á fimmtungshlut í asíska lág-gjaldaflugfélaginu Air Asia X.

RICHARD BRANSON

HP iPaq 514

# PÓSTUR OG SÍMI



HP iPAQ 514 síminn er  
að innanmáli jafnstór  
Egilshöll.

Hann fer vel í vasa og  
er sérlega smágerður.

Í símanum er þráðlaust netkort, IP símtenging og fullkomin raddstýring með fjölda nýrra möguleika.

Nýja Windows Mobile 6 stýrikerfið býður upp á:

- Fullkomna tölvupóstþjónustu
- Samband við internetið
- Outlook
- Word
- Excel frá Microsoft

**hp tækni - þín framtíð**



i n v e n t

OPIN KERFI

Helstu endursöluðilar: TRS Selfossi, Samhæfni Reykjanesbæ, TÞV Akranesi, Netheimar Reykjavík, Hátækni Reykjavík og Verslun Opinna kerfa. Upplýsingar um aðra endursöluðila má finna á [www.ok.is](http://www.ok.is)

# Framtíð krónubréfaútgáfu í okkar höndum

Alls hafa verið gefin út krónubréf fyrir 536 milljarða frá því á haustdögum 2005. Hundrað og sextíu milljarðar koma á gjalddaga nú í vetur, en ýmsir hafa lýst áhyggjum af því að svo stórir gjalddagar geti leitt til gengisfalls krónunnar. Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðingur Seðlabankans, segir íslensk fyrirtæki og einstaklinga hafa mikið að segja um framtíð útgáfunnar; dragi Íslendingar úr lántöku líði krónubréfaútgáfan undir lok. Jón Skaftason spjallaði við Þorvarð Tjörva.

**K**rónubréf eða jöklabréf nefnast skuldabréf sem gefin eru út í íslenskum krónum á evrópskum fjármálamarkaði. Fjárfestar, innlendir sem erlendir, kaupa þessi bréf og verða að greiða fyrir með íslenskum krónum. Sé um erlenda fjárfesti að ræða verður hann að afla fjárens á innlendum gjaldmeyrismarkaði; hinn erlendi útgefandi fær þannig andvirði skuldabréfaútbodsins í íslenskum krónum, meðan kaupandinn eignast skuldabréf í íslenskum krónum, og ber þá gjaldeyrishættu sem fylgir.

Útgáfa krónubréfa telst til svokallaðra vaxtarmunarviðskipta. Útgefandinn, sem yfirleitt eru alþjóðlegar fjármálastofnanir með gott láns hæfi samkvæmt alþjóðlegum matsfyrirtækjum, getur í krafti nafns síns gefið út skuldabréf í krónum á lægri vöxtum en boðið er upp á hér á landi. Erlendir fjárfestar láðast síðan að vöxtunum, sem þrátt fyrir að vera lægri en gengur og gerist á innlendum skuldabréfamarkaði, eru hærri en tíðkast erlendis. Fjárfestarnir sjá sér hag í að versla við þekktar fjármálastofnanir, í stað þess að leggja í þá vinnu að kynna sér íslenskan skuldabréfamarkað. „Fjárfestirinn tekur lán í lágvaxtagjaldmiðli, í mörgum tilfellum japönskum jenum eða svissneskum frönskum, fjárfestir í krónubréfunum og fær mun hærri vexti heldur en gengur og gerist í heiminum í dag,“ segir Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðingur hjá Seðlabanka Íslands.

Skuldabréfaútgáfa erlendra aðila í íslenskum krónum hófst á haustdögum árið 2005. Síðan þá hafa verið gefin út bréf að andvirði 526 milljarða króna. Umsvifamestu útgefendurnir eru þýski ríkisbankinn KfW, austurríska ríkið, hinn hollenski Rabobanki og Evrópski fjárfestingabankinn (EIB).

Útgáfa borð við þessa er þó síður en svo ný af nálinni, heldur hefur hún tíðkast í hinum ýmsu hávaxtalöndum. Nýsjálandingar hafa til að mynda tuttugu ára reynslu af útgáfu skuldabréfa í nýsjálenska dalnum, en auk þess hefur útgáfa verið stunduð í Tyrklandi, Suður-Afríku og víða í Asíu, Austur-Evrópu og Suður-Ameríku.

## TVÖ HUNDRUÐ MILLJARÐA ÚTGÁFA

Val á landi til skuldabréfaútgáfu ræðst einkum af þremur þáttum, samkvæmt rannsóknunum Alþjóðagreiðslubankans; gjaldmiðill viðkomandi lands þarf að vera sterkur í sögulegu ljósi, lang-



ÞORVARÐUR TJÖRVI ÓLAFSSON HAGFRÆÐINGUR Í SEÐLABANKA ÍSLANDS Krónan hefur aldrei verið jafn háð erlendum þáttum og nú, að sögn Þorvarðar Tjörva. Órói á erlendum fjármálamörkuðum hafi til að mynda mun meiri áhrif á gengið heldur en ákvörðun um niðurskurð á þorskvóta.

tímavextir háir í samanburði við land útgefandans og eftirspurn eftir lánsfé þarf að vera mikil.

Allir þessir þættir hafa verið fyrir hendi hér á landi síðustu ár, að sögn Þorvarðar Tjörva. „Ísland er náttúrulega það land í heiminum sem er með hvað hæsta vexti, og því hefur verið vinsælt meðal fjárfesta að nýta sér vaxtamuninn milli Íslands og annarra landa, og fá þannig meiri ágóða en býðst á almennum markaði.“

Erlendu fjármálastofnanirnar gefa skuldabréfin út til að fjármagna eigin starfsemi. Fjármálastofnanirnar bjóða síðan íslensku bönkunum krónur að láni, yfirleitt gegn endurgreiðslu í evrum. Þannig hagnast bæði íslenski bankinn og erlenda fjármálastofnunin á því að taka lán

í þeim gjaldmiðli sem mótaðilinn hefur þörf fyrir. „Þessar íslensku krónur, sem erlendi bankinn hefur fengið að láni, streyma þannig inn til landsins gegnum íslensku bankana. Viðkomandi banki getur komið krónum áfram til viðskiptavina sinna, notað þær til að greiða upp eigin skuldir eða fjárfest í innlendum skuldabréfum með enn hærri vöxtum en krónubréfin,“ segir Þorvarður Tjörvi.

Fyrir á þessu ári leyfði Seðlabanki Íslands fjármálastofnunum að nýta krónubréf sem tryggingu fyrir láni hjá Seðlabankanum. Í kjölfarið á því hafa íslensku bankarnir keypt krónubréfin í auknum mæli.

Alls hafa verið gefin út krónubréf fyrir um tvö hundruð milljarða króna það sem af er ári,

en á móti hafa bréf að virði um 65 milljarða fallið á gjalddaga. Framundan eru nokkrir stórir gjalddagar. Í september koma bréf fyrir um níutíu milljarða á gjalddaga og fyrir um sjöttíu milljarða í janúar. Hins vegar er það gjarnan svo að gildistími bréfanna er framlengdur áður en að gjalddaga kemur.

Þorvarður Tjörvi segir krónubréfin tvímælalaust áhættusama fjárfestingu. Þegar gengi krónunnar sé sterkt geti auðveldlega komið upp sú staða að gengislækkun vegi þyngra en vaxta-ágóðinn, líkt og gerst hafi á vormánuðum í fyrra. „Þeir fjárfestar sem keyptu bréfin þegar krónan var upp á sitt sterkasta fóru illa út úr því. Ágóðinn á þessu ári hefur hins vegar verið mjög góður, enda hefur krónan verið mjög sterk lengst af. Talsvert flökt hefur þó verið á krónunni upp á síðkastið, og það getur leitt til þess að fjárfestar vilji ekki taka þá áhættu sem fjárfestingunni fylgir. Þeir verða að veita og meta hvort vaxtamunurinn vegi þyngra en mögulegt gengistap.“

## SLÓGUM UPP EFTIRPARTÍ

Þróun síðustu ára hefur sýnt hversu háð gengi íslensku krónunnar er orðið þróun á alþjóðamörkuðum, að mati Þorvarðar Tjörva. Hann bendir á að undanfarið hafi borið á því að titringi á erlendum mörkuðum fylgi veiking á gengi íslensku krónunnar.

Þorvarður Tjörvi segir spenn-

andi að fylgjast með þróun gengisins þessa dagana. Þetta sé í raun í fyrsta skipti sem verulegur órói skapist á alþjóðamörkuðum eftir að krónan varð jafn háð erlendum þáttum og nú er. „Verði þessi órói langvinnur er líklegt að krónan haldi áfram að veikjast. Takist seðlabönkum víða um heim að róa markaðinn, og í ljós kemur að tap erlendra banka vegna viðsnúnings á bandaríska fasteignamarkaðnum er sæmilega hóflegt, þykir mér líklegt að krónan nái stöðugleika á ný og styrkist. Íslenska krónan ræðst miklu meira af erlendum þáttum en til dæmis því hvort veiða eigi meiri þorsk eða minni.“

Margir hafa haldið því fram að þegar krónubréf falli á gjalddaga geti það haft voveiflegar afleiðingar fyrir íslenska hagkerfið og jafnvel fellt gengi krónunnar á einu bretti. Þorvarður Tjörvi segir málið flóknara en svo. Smáir fjárfestar í Evrópu sem ekki endilega fylgjast með gengi krónunnar frá degi til dags, hafi verið stórtækastir í kaupum á krónubréfum. „Þessir smærri fjárfestar eru ekki endilega fyrstir út þegar gengi krónunnar lækkar. Stærri fjárfestar, sem fara beint inn á innlenda markað eða leita annarra leiða til að fjárfesta í krónunni, eru líklega fljótari út um dyrnar.“

Þorvarður bendir einnig á að krónubréfaútgáfan eigi allt undir því að fyrirtæki og einstaklingar hér á landi séu reiðubúnir að taka lán á þeim háu vöxtum sem bjóðast. „Þegar við hættum að taka lán á þessum háu vöxtum, þá líður krónubréfaútgáfan undir lok. Það má því segja að þetta sé að nokkru leyti í okkar eigin höndum.“

Hann tekur fram að hægt sé að grípa til ýmissa ráðstafana til að búa hagkerfið undir gengislækkun. Gefi gengi krónunnar eftir meðan jafnvægi er í hagkerfinu og eftirspurn hófleg, eigi fyrirtækin erfiðara með að hleypa gengislækkun út í verðlagið og ýta þannig undir verðbólgu. Af því leiði að Seðlabankinn þurfi ekki að bregðast við eins harkalega og annars kynni að vera þörf á. „Á þessu ári höfum við haft tækifæri til þess að draga saman seglin og ná tökum á því ójafnvægi sem ríkt hefur í íslensku hagkerfi, en í staðinn ákváðum við að slá upp eftirpartí. Fasteignamarkaðurinn fór aftur á flug, og væntingar í hæstu hæðir. Það hefði verið skynsamlegt að loka á þann möguleika að gengislækkun yrði á tímum ójafnvægis.“

Þorvarður Tjörvi segir menn þó ekki gleyma því að þrátt fyrir snarpa lækkun á krónunni undanfarna daga sé gengið enn sterkt í sögulegu ljósi. Þá séu vextir háir og veiti mikið viðnám gegn gengislækkun. „Það er hins vegar of snemmt að segja til um hvort lækkun síðustu daga er varanleg, þar sem menn vita einfaldlega ekki hversu miklu fé fjármálastofnanir hafa tapað með því að veðja á að bandarískir fasteignaeigendur myndu standa í skilum á lánum sínum. Íslensku fjármálafyrirtækin ættu hins vegar að vera vel í stakk búin til að taka áföllum, enda tóku þau vel til í sínum garði eftir óvægna umfjöllun erlendra fjölmiðla um íslenskt efnahagslíf í mars á síðasta ári.“

Þjónustuaðili yfir 70%  
íslenskra fyrirtækja

Fyrirtækjaþjónusta

Það er Síminn

# Viltu starfa hjá OMX

við hugbúnaðargerð fyrir fjármálamarkaðinn?

Vegna stórauðinna verkefna leitar OMX Broker Services á Íslandi nú að öflugum og jákvæðum einstaklingum í spennandi verkefni við þróun og þjónustu Libra hugbúnaðar.

## Prófanir

Starfssvið

- Ábyrgð á prófunum á Libra hugbúnaði
- Þróun á sjálfvirkum prófunum
- Skipulagning kerfisprófana
- Þróun prófanatilkvika
- Umsjón með þróun á prófanakerfi
- Prófanir á Libra hugbúnaði

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræða eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla á .NET, SQL og Visual Basic æskileg
- Brennandi áhugi á gæðum hugbúnaðar
- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Þekking og/eða reynsla af hugbúnaðargerð fyrir fjármálamarkað er kostur

Vinsamlegast merkið umsóknina „OMX – Prófanir“

## Hugbúnaðarþróun

Starfssvið

- Greining, hönnun og forritun á Libra hugbúnaði

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræða eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af SQL, .NET og Visual Basic æskileg
- Þekking og/eða reynsla af hugbúnaðargerð fyrir fjármálamarkað er kostur
- Öguð og skipulögð vinnubrögð

Vinsamlegast merkið umsóknina „OMX – Hugbúnaðarþróun“

## Nánari upplýsingar

Vinsamlega sendið starfsumsókn í tölvupósti á netfangið [jon.pall.jonsson@omxgroup.com](mailto:jon.pall.jonsson@omxgroup.com) fyrir 22. ágúst. Nánari upplýsingar veitir Jón Páll Jónsson í síma 595 8715.

OMX Broker Services ehf. • Hlíðasmári 12 • 201 Kópavogur • Sími 595 8700 • Fax 595 8701

## Þjónusta og ráðgjöf

Starfssvið

- Almenn þjónusta við notendur Libra hugbúnaðar
- Ráðgjöf og greining verkefna
- Prófanir á Libra hugbúnaði
- Handbókagerð og námskeiðahald
- Innleiðingar á Libra hugbúnaði

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða sambærileg menntun
- Menntun eða reynsla á sviði upplýsingatækni kostur
- Starfsreynsla á fjármálamarkaði kostur
- Reynsla af þjónustu og/eða ráðgjöf kostur
- Gott vald á ritadri íslensku og ensku
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Vinsamlegast merkið umsóknina

„OMX – Þjónusta og ráðgjöf“

## Útgáfustjórn (Release Management)

Starfssvið

- Umsjón með útgáfusamantektum Libra hugbúnaðar
- Þróun á útgáfusamantektaferlum
- Umsjón með þróunar- og prófunarumhverfi Libra hugbúnaðar
- Uppsetning Libra hugbúnaðar hjá viðskiptavinum

Hæfniskröfur

- Menntun á sviði tölvunarfræða eða sambærileg menntun
- Þekking á gagnagrunnum skilyrði
- Þekking og reynsla á .NET, SQL og Visual Basic æskileg
- Öguð og skipulögð vinnubrögð

Vinsamlegast merkið umsóknina „OMX – Útgáfustjórn“

OMX er leiðandi í kauphallariðnaði. Með kauphöllum í Reykjavík, Kaupmannahöfn, Stokkhólmi, Helsinki, Riga, Tallin og Vilnius býður OMX aðgang að um 80 prósent af verðbréfamörkuðum á Norðurlöndum og í Eyrstrasaltsríkjunum. Tæknilausnir OMX ná yfir allt ferli verðbréfavíðskipta og auka þannig hagræði fyrir kauphallir, uppgjörsaðila og verðbréfaskráninga um allan heim. OMX er skráð í kauphöll Reykjavíkur, Kaupmannahafnar, Stokkhólmi og Helsinki. Nánari upplýsingar er að finna á [www.omxgroup.com](http://www.omxgroup.com).

OMX Broker Services á Íslandi er hluti af hugbúnaðardeild OMX sem selur, þróar og þjónustar eigin hugbúnað, s.s. WIZER og Libra Securities fyrir verðbréfamarkaðinn, Libra Loan fyrir lánamarkaðinn og Libra Pension fyrir lífeyrismarkaðinn. Hjá hugbúnaðardeild OMX starfa um 130 manns, þar af 37 á Íslandi, með mikla reynslu og þekkingu á starfsemi fjármálamarkaða á Norðurlöndum.

Libra  
hugbúnaður

OMX

Efficient Securities Transactions

# Milestone horfir til næstu áfanga

Milestone hefur farið úr því að vera fjárfestingarfélag í það að vera eitt stærsta óskráða fjármálafyrirtæki Norðurlanda. Eignir félagsins hafa tvöfaldast á árinu og meirihluti þeirra liggur nú erlendis. *Eggert Þór Aðalsteinsson* fór yfir breytingarnar með þeim **Karli Wernerssyni**, stjórnarformanni Milestone, og **Guðmundi Ólasyni** forstjóra og ræddi við þá um uppbyggingu félagsins og framtíðaráform.

**V**eruleg umskipti hafa orðið á starfsemi Milestone á árinu. Félagið, sem er í eigu bræðranna Karls og Steingrims Wernerssona, hefur farið úr því að vera eitt umsvifamesta fjárfestingarfélagið á innlendum hlutabréfamarkaði í byrjun ársins í það að vera norrænt fjármálaþjónustufyrirtæki með skýra stefnu eftir yfirtöku á sænska fjármálafyrirtækinu Invik & Co. AB á dögunum.

„Það er undirliggjandi rekstur sem mun skapa tekjur og verðmæti í framtíðinni frekar en einstakar fjárfestingar. Á þessu er gríðarlegur munur,“ segir Karl um breytinguna á félaginu. Eftir stendur félag sem er með um níutíu prósent heildareigna sinna innan fjármálatengdrar starfsemi, dreift eignasafn þar sem yfir sextíu prósent heildareigna liggja erlendis og fjölbreytta starfsemi sem byggist á langmestu á tryggingarekstri, eignastýringu og bankastarfsemi í gegnum Sjóvá, Invik og Askar Capital.

„Í stað þess að reidda sig á eignarhluti sem lúta duttlungum markaðarins þá liggur verðmætasköpun Milestone í rekstrartengdum einingum. Við eigum að geta skilað mjög ásættanlegri arðsemi út frá þeim strúktúr sem byggður hefur verið upp og markmiðið er að hagnast árlega um 20-30 milljarða króna fyrir skatta miðað við að helstu forsendur haldi.“

## MARGFÖLDUN HAGNAÐAR

Til þess að átta sig á þeirri breytingu sem hefur orðið á félaginu á árinu er ágætt að rifja upp fyrri hluta ársins. Milestone hagnaðist um 27,2 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum ársins sem var fjórtánföldun hagnaðar á milli ára. Til samanburðar er þetta meiri hagnaður en Glitnir, Landsbankinn og Straumur-Burðarás skiluðu. Arðsemi eigin fjár var um 160 prósent ársgrundvelli, en stjórnendur félagsins álíta þó að varla megi búast aftur við slíkum arðsemistölum.

En hvernig fara menn að því að skila 100-200 prósent arðsemi ár eftir ár? Karl bendir á að þótt eiginfjárlutfall samstæðunnar sé 19,2 prósent, verði að líta á

styrk efnahagsreikningsins í heild. „Reikningurinn byggir á trygginga- og fjármálafyrirtækjum sem tekst að nýta eigið fé á móti eignum með hagstæðari hætti en til að mynda í fjárfestingarfélögum. Skuldir félagsins eru að stórum hluta gagnvart viðskiptavinum í gegnum váttryggingaskuld dótturfélaga en aðeins þriðjungur reiknast sem vaxtaberandi langtímaskuldir í bókum félagsins. Góður árangur í fjárfestingum á eigin fé og sjóðum samstæðunnar hefur skilað sér í margfalt sterkara bak-

landi þegar kemur að þjónustu gagnvart viðskiptavinum. Þetta ásamt mörgu öðru hefur orðið til þess að við höfum náð gríðarlegum árangri með okkar eigið fé.“

Guðmundur Ólason, forstjóri Milestone, segir að árangur á fyrri hluta ársins skýrist ekki einvörðungu af hlutabréfastöðum meðal annars í Glitni. Rekstur annarra eininga hafi einnig gengið afbragðsvel, til dæmis skilaði Sjóvá góðum hagnaði. „Í þessu sambandi er rétt að benda á talsverðan innleystan hagnað á tímabilinu meðal annars með sölu á þrettán prósent hlut í Glitni, sem losaði um 54 milljarða og sölu á ellefu prósent hlut í bresku verslanakeðjunni Iceland fyrir tæplega 6 milljarða.“

Karl bendir á að góð ávöxtun af lykileignum á undanförunum árum hafi lagt grunn að öflugri fjárhagsstöðu Milestone og nýjum landvinningum. Milestone hafði verið um þriggja ára skeið einn af leiðandi hluthöfum í Glitni og lagt sitt af mörkum varðandi stefnubreytingu og vöxt bankans erlendis í gegnum stjórnarsetu í bankanum. Félagið á enn ásamt tengdum aðilum um sjö prósent hlut í Glitni. Þá átti Milestone, sem einn af stærstu hluthöfum, sinn þátt í ævintýrlegum vexti Actavis sem nýverið var yfirtækið af Novator. „Það var ákveðið skref að fara út úr Actavis. Við vorum búnir að fylgja eftir öllum meiriháttar breytingum sem þar hafa orðið á tæpum áratug,“ segir Karl.

## INVIK SMELLPASSAR

Milestone ætlar að afskrá Invik úr sænsku kauphöllinni á komandi dögum og lýkur þá formlega yfirtökufæri sem hafði staðið frá því í lok apríl. Karl segir að í gegnum aðkomu sína að Glitni og Askar Capital hafi forsvarsmenn Milestone verið farnir að líta til Norðurlanda eftir tækifærum sem gætu gert félaginu kleyft að bjóða upp á fjölbreyttari fjármálaþjónustu. Þegar tækifæri bauðst tók félagið síðan þátt í lokuðu söluferli á Invik. „Þegar við förum út úr Glitni má þá segja að við höldum sömu stefnu. Það mætti halda að þetta hefði verið stór breyting hjá okkur en þetta var einfaldlega eðlilegt framhald af því sem við vorum að gera í Glitni,“ segir hann og bætir við: „Sú staða sem kom upp í Glitni hjálpaði okkur við straumflutunni okkar starfsemi, einfalda hana og einbeita okkur frekar að því að byggja upp okkar fyrirtæki jafnframt því að losa um meiriháttar stöðu í skráðu fjármálafyrirtæki.“

Karl er hæstánægður með kaupin og telur að mikil samsvörun sé með Invik og Milestone: „Invik fellur mjög vel að okkar stefnumótun. Starfsemi þess byggist að mörgu leyti á sama viðskiptamódeli og við störfum eftir, það er að flétta saman tryggingar, eignastýringu og bankastarfsemi upp að vissu marki. Bæði félögin reka líf- og skaðatryggingastarfsemi og hluta af fjárfestingabankastarfsemi.“

Guðmundur segir að Invik verði rekið áfram óbreytt innan samstæðunnar en þó verði nýttir þeir augljósu samlegðarmöguleikar sem eru fyrir hendi í ýmiss konar eignastýringu, sjóðastýringu og fjárfestingarbankastarfsemi.

Þegar kemur að tryggingastarfseminni býst hann við að hún verði rekin áfram undir sjálfstæðum vörumerkjum Sjóvár, Moderna líftrygginga og Moderna skaðatrygginga. „Það eru klárlega tækifæri í vörubrúun á milli þessara systurfélaga þannig að það sem hefur gefið góða raun hér heima verður reynt úti og öfugt. Gagnvart viðskiptavinum tryggingafélögunna, til að mynda Sjóvár, er ljóst að framboð á vörum og þjónustu mun taka mið af því sem gengur og gerist á Norðurlöndum.“

## HRABUR VÖXTUR

Undir merkjum Invik eru Modern skaðatryggingar, sem einbeita sér að smærri fyrirtækjum og einstaklingum, og Modern líftryggingar. Þá rekur fyrirtækið bankastarfsemi í Lúxemborg með sérhæfingu á eignastýringu, greiðslukortþjónustu sem og sjóðastýringar fyrirtækið Invik Funds.

Invik hefur vaxið gríðarlega hratt á undanförunum árum og tæplega fjórfaldaðist rekstrarhagnaður félagsins á milli árunna 2004 og 2006. Vöxturinn hefur einkum komið fram á sviði líftrygginga og sjóðastarfsemi. Þannig var mesta innflæði í alla sjóði í Svíþjóð inn í Invik Funds á fyrri hluta ársins en félagið rekur einn stærsta vogunarsjóð Svíþjóðar. „Viðskiptamódel Invik hefur reynst farsælt í Svíþjóð og sjáum við fyrir okkur að það verði einfaldlega tekið til annarra landa sem eru þá augljóslega Noregur og jafnvel Finnland og Danmörk,“ segir Karl. „Nú er verkefnið að samþætta starfsemina í samstæðunni, undirbúa frekari vöxt og blása til áframhaldandi sóknar.“

## TRYGGINGAREKSTUR VERÐUR AÐ STANDA UNDIR SÉR


Tvær af stærstu eignum í samstæðu Milestone, Sjóvá og Askar Capital, eru skráðar á upphaflegu verði en hagnaður á Sjóvá á síðustu tveimur árum hefur nánast skilað kaupverðinu til baka. Þetta gamalgróna tryggingarfélag skilaði góðum tölum á fyrri ársheilmingi eða 6,3 milljörðum króna sem var svipuð niðurstaða og í fyrra. Sem fyrr er það fjárfestingarstarfsemi, en ekki váttryggingastarfsemi, sem ber uppi afkomu Sjóvár. „Við erum ófheimin að tala um það að það verði að vera heilbrigður rekstur á bak við tryggingafélögin. Þó svo að vel hafi gengið í fjárfestingarstarfseminni með fjárfestingum í traustum eignum og áhættudreifingu þá er það ekki grunnrekstur tryggingafélaga,“ segir Karl. Hann telur það þó fram að markvisst og gott starf stjórnenda og starfsfólks félagsins á síðustu árum hafi skilað bættum árangri í tryggingarekstrinum. Tekist hefur að lækka rekstrarkostnað félagsins sem og tjónakostnað, en tjónahlutfall í bílatryggingum er enn of hátt sem skilar sér í því að félagið er að tapa á tryggingarekstri.

Guðmundur bendir á að samsett hlutfall tjóna- og rekstrarkostnaðar í Sjóvár-samstæðunni var 105,9 prósent á fyrri ársheilmingi þessa árs en 128 prósent þegar Milestone tók við félaginu árið 2005. Þetta hlutfall er þó enn of hátt; til samanburðar nam hlutfallið 89 prósentum hjá Invik í fyrra sem er það sem gengur


## NOKKRIR ÁFANGAR Í SÖGU MILESTONE

- 1999** Werner Rasmusson selur apótekið sitt til Lyfja og heilsu og Karl Wernersson tekur við stjórnarformennsku í félaginu. Hefst mikill vöxtur lyfjaverslanakeðjunnar. Milestone átti 18 prósent í Lyfjum og heilsu auk hlutabréfa í lyfjafyrirtækinu Delta.
- 2002** Delta og Pharmaco sameinast í félag sem síðar verður Actavis.
- 2003** Milestone eignast nær allt hlutfé í Lyfjum og heilsu.
- 2004** Félagið byrjar að kaupa hlutabréf í Íslandsbanka (Glitni). Hagnaður félagsins var 975 milljónir.
- 2005** Milestone kaupir 66,6 prósent hlutafjár í Sjóvá af Íslandsbanka fyrir 17,5 milljarða. Hagnaður félagsins var 14,7 milljarðar á árinu.
- 2006** Milestone verður snemma árs stærsti hluthafinn í Glitni þegar það eignast ríflega fimmtungshlut. Félagið kaupir eftirstöðvar hlutafjár í Sjóvá fyrir 9,5 milljarða. Milestone stofnar Askar Capital og verður þar ráðandi hluthafi. Hagnaður félagsins var 21,4 milljarðar í árslok.
- 2007** Félagið selur 13 prósent hlut í Glitni fyrir 54 milljarða króna og lýkur við 70 milljarða króna yfirtöku á Invik. Milestone selur öll hlutabréf sín í Actavis til Novators. Hagnaður á fyrri hluta ársins 27,2 milljarðar.

## ARÐSEMI EIGIN FJÁR



## HAGNAÐUR STÆRSTU FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJANNA







**KARL WERNERSSON, STJÓRNARFORMAÐUR MILESTONE, OG GUÐMUNDUR ÓLASON, FORSTJÓRI MILESTONE** Góð ávöxtun af lykileignum, svo sem kjölfestuhlut í Glitni, sem nú hefur verið seldur að stórum hluta, hefur lagt grunninn að fjárhagslegum styrk Milestone og umbreytingu félagsins úr fjárfestingarfélagi í norrænt fjármálaþjónustufyrirtæki. MARKAÐURINN/VALLI



### Álitlegur kostur í sænsku kauphöllina?

Karl segir að þær breytingar sem hafi orðið á Milestone leiði til þess að hann og aðrir forsvarsmenn félagsins leggist undir feld og íhugi hvort opna eigi félagið fyrir öðrum fjárfestum. Hann geti séð það fyrir sér að undir lok ársins liggja fyrir hvort Milestone verði skráð á hlutabréfamarkað á næstu misserum.

Helstu lykiltölur og árangur félagsins ættu að gera félagið að álitlegum kosti á hlutabréfamarkaði og með hliðsjón af fjárfestingunni í Invik yrði einkum litið til sænska markaðarins í því sambandi. Einnig sé ljóst að verðmæti sambærilegra félaga hafi hlutfallslega vaxið meðal annars í kjölfar breytinga sem orðið hafa á sparnaðarformum og þörf fyrir fjármálaþjónustu í samfélaginu. Hins vegar muni endanleg ákvörðun taka mið af vaxtartækifærum á markaði.

Félagið mun verða reiðubúið að taka slíka ákvörðun og hefur í raun hagað sér að miklu leyti líkt og um skráð félag væri að ræða eins og með aukinni upplýsingagjöf á markaði og gagnvart öðrum hagsmunaaðilum.

„Hingað til hefur okkur

tekist að vaxa án þess að sækja okkur auknið hlutfélag á markað. En þegar félög eru komin upp í þessa stærð þá er ljóst að umtalsverður vöxtur krefst umtalsverðs fjármagns. Það má alveg hugsa sér það að í tengslum við spennandi yfirtöku á næstu árum þá munum við opna félagið.“

Heildareignir Milestone stóðu í 387 milljörðum króna um mitt þetta ár en eigið félag var 74 milljarðar. Í bókum Milestone er Sjóvá aðeins metið á kaupvirði, sem nam alls tæpum 27 milljörðum króna, en til samanburðar var VÍS metið á 65,8 milljarða þegar Exista tók félagið yfir í fyrra.

Við afskráningu Invik í sænsku kauphöllinni komu fram raddir þess eðlis að missir væri að slíku félagi á sænskum fjármálamarkaði. Verðmæti þess hafði aukist gríðarlega á undanföllum árum. Ef hlutfall markaðsvirðis og eigin fjárfestingar (Q-hlutfall) í Invik, sem var að mörgu leyti sambærilegt félag og Milestone, er haft til hliðsjónar þá er varla óvarlegt að áætla að markaðsverð Milestone væri að minnsta kosti 250 milljarðar króna í sænsku kauphöllinni. - eþa

### ALLTAF RÝMI Á MARKAÐI

Forsvarsmenn Milestone eru inntrir eftir því hvaða áhrif núverandi umrót á fjármálamörkuðum kunni að hafa á félagið. Þeir telja að sökum góðrar dreifingar eigna hafi sveiflur á hlutabréfamörkuðum og gengi krónunnar takmörkuð bein áhrif á rekstur Milestone. „Hins vegar í ljósi þess að rekstrarumfangið er háð efnahagslífinu myndi almenn niðursveifla auðvitað setja mark sitt á félagið. Um slíka sveiflu er varla að ræða enda er undirliggjandi rekstur, til dæmis fjármálaþjónustufyrirtæki á íslenskum markaði, sterkur. Ég tel að þessi niðursveifla sé eðlileg leiðrétting á gríðarlegum hækkunum upp á síðkastið,“ segir Karl.

Rekstrartekjur samstæðunnar námu 9,9 milljörðum króna en þegar Invik bætist við reikninginn vaxa árlegar tekjur um sextíu prósent. En ætlar Milestone að fylgja eftir yfirtökunni á Invik með frekari uppköpunum? Karl sér fyrir sér að stóru einingarnar á norrænum fjármálamarkaði verði stærri en alltaf verði gott pláss fyrir meðalstór, sérhæfð fjármálaþjónustufyrirtæki sem eru með góða markaðshlutdeild á ákveðnum sviðum. Ekki skortir metnað hjá Milestone að vaxa eins og sagan sýnir en hins vegar sér hann frekar fyrir sér að félagið vaxi jafnt og þétt í gegnum viðskiptamódelið og þá yfir landamæri. „Áhersla okkar liggur ekki í því að verða stærsta fyrirtæki á Norðurlöndum en þegar þú slærð einhverju saman þá myndast alltaf rými fyrir aðra.“

og gerist á markaði í Skandinavíu. „Okkur finnst óábyrgt gagnvart hagsmunum tryggingartakanna að vera ekki með reksturinn í lagi. Þess vegna höfum við skilið mjög á milli fjárfestingarstarfseminnar og tryggingarstarfseminnar.“

Kemur til greina að Sjóvá vaxi út á við? „Stjórnendahópurinn hjá Sjóvá er mjög sterkur og getur tekið að sér umfangsmikil verkefni. Félagið var virkur þátttakandi í fjárfestingu Milestone í Invik og mun vinna að samþættingu starfseminnar. Enn eigum við nokkur skref eftir í rekstri Sjóvár og hafa stjórnendur félagsins markað þá stefnu á næstu þremur ársfjórðungum að koma samsetta hlutfallinu hjá félaginu undir eitt hundrað prósent. Framundan eru því spennandi tímar hjá félaginu.“ segir Karl.

### ASKAR TEKUR TENNUR

Yngsta barnið í barnahópi Milestone, Askar Capital, er farið að taka tennur rúmu hálfu ári eftir að tilkynnt var um fæðingu þess. Nú starfa um 60 manns hjá Askar.

Reksturinn á félaginu er orðinn jákvæður en beðið eftir því að félagi fái leyfi til fjárfestingar

arbankastarfsemi. Forsvarsmenn Milestone viðurkenna að það sé bæði dýrt og flókið að koma upp banka en drjúgur tími hefur farið í það að setja upp verkferla og það eftirlit sem þarf til að tryggja að viðskiptavinir bankans njóti fyllsta öryggis. Á sama tíma hefur tekið sinn tíma að manna bankann og skapa tekjueiningar. Karl segir að reksturinn hafi gengið ágætlega á árinu. Avant, sem er dótturfélag Askar Capital og var áður Sjóvá fjármögnun, hefur gengið afar vel og vaxið hratt á milli ára. „Fasteignasvið Askar hefur einnig gengið vel en þar erum við sífellt að bæta við nýjum og stærri verkefnum. Við höfum fært okkar austur í Evrópu og skoðum jafnframt tækifæri um allan heim. Nýlega lukum við við að byggja upp fasteignasjód í samstarfi við Landsbankann.“ Aðrir stoðir í rekstri Askar Capital eru í mikilli uppbyggingu, eins og ráðgjöf og eignastýringing sem getur hafið starfsemi þegar félagið fær starfsleyfi frá FME. Með kaupunum á Invik skapast miklir möguleikar hjá Askar. „Félagið er nú hluti af stærri samstæðu og það eru margfalt meiri verkefni framundan hjá Askar og vaxtamöguleikar félagsins eru miklir.“ segir Guðmundur.

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Á meðan stjórnmalámennt þræta um skiptingu fjármagnstekjuskatts minnka líkur á mjúkri lendingu:

## Hámarkshraði hagkerfis virtur að vettugi

Eggert Þór Aðalsteinsson

Væringar á fjármálamörkuðum heimsins á síðustu dögum sýna og sanna að íslenska hagkerfið er ekkert eyland á þessu sviði. Lækkun hlutabréfaverðs í Kauphöll er að mörgu leyti mjög eðlileg leiðrétting á miklum hækkunum það sem af er ári. Þótt Úrvalsvisitalan hafi lækkað um tæp tólf prósent frá því hún komst í hæstu hæðir um miðjan júlí er hún nærri fjórðungi hærri en hún var í upphafi ársins. Ávöxtunin er mun betri en við höfum séð á hlutabréfavísitölum í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum á árinu.

Í hagkerfi sem keyrir um á 100 kílómetra hraða á klukkustund þar sem hámarkshraði er níutíu, er skörp lækkun á gengi krónunnar miklu alvarlegra vandamál sem snertir ekki bara fyrirtækin í landinu heldur einnig almennig. Á síðasta ári lækkaði krónan um 18 prósent, hún styrktist um rúm þrettán prósent frá ársbyrjun fram í júní en hefur nú veikst um níu prósent á einum mánuði. Það sér hver heilvita maður að hvorki innflutnings- né útflutningsfyrirtæki geta starfað með eðlilegum hætti við þessar miklu sveiflur á gengi krónunnar. Hvernig er hægt að búa til rekstraráætlanir við slík skilyrði?

Margt bendir til þess að markmið Seðlabankans um að ná hagkerfinu niður á löglegan hraða muni varla nást ef krónan heldur áfram að veikjast hratt. Vaxtalækkunarferli bankans gæti því hafist miklu síðar en spár gerðu ráð fyrir. Klár þrýstingur er til hækkunar verðlags sem mun birtast á næstunni. Þá ríkir einnig óvissa um framvindu við gerð kjarasamninga sem eru lausir um næstu áramót. Nýtt verðbólgukeið gæti því verið í aðsigi.

Við þessar aðstæður er vert að velta vöngum yfir þætti hins opinbera og opinberra fyrirtækja. Fátt bendir til þess að menn þar á bæ ætli að draga saman seglin og óvíst hvort að niðurskurður aflaheimilda slái mikið á þenslu vegna mótvægisáðgerða. Þar má ekki gleyma að lækkun á gengi krónunnar eykur aflaverðmæti. Sveitarfélögin eru ekki síður í miklum framkvæmdahug eins og sést best á verklegi þeirra stærstu á suðvesturhorninu. Þær hugmyndir að láta sveitarfélögin fá hlutdeild í fjármagnstekjuskatti við núverandi aðstæður, þar sem vatnskassinn er að sjóða upp úr, eru varhugaverðar og auka bara líkurnar á hörðum árekstri.

eggert@markadurinn.is | haffidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

Öflugur aðdáandi sem fylgir þér í útrásinni

Fyrirtækjaþjónusta

Það er Síminn

# Góðar og slæmar fréttir

ORÐ Í BELG

Jafet S. Ólafsson, Framkvæmdastjóri Veigs ehf. fjárfestingafélags.



Í síðustu viku urðu all nokkrar dýfur á erlendum og innlendum hlutabréfamörkuðum. Þetta varð tilefni nokkuð stórra fyrirsagna eins og: „100 milljarðar tapaðir“. Var þá átt við að markaðsvirði fyrirtækja í úrvalsvisitölnni hefði lækkað um 100 milljarða.

Þetta er há fjárhæð en á móti gleymdist að markaðsvirði félaga í úrvalsvisitölnni hafði lækkað um rúma 700 milljarða frá áramótum og hundrað milljarðar „hurfu“ af þeirri upphæð á tveimur dögum. Reyndar tók einn fjölmiðill þetta rækilega fram um að góð hækkun hefði verið nánast allt árið og var það vel. Sumir fréttamenn ræddu um að fjárfestar hefðu tapað þessari upphæð.

Svona fréttáflutningur er villandi, fjárfestar eru hvorki búnir að græða eða tapa fyrr en þeir selja hlutabréf sín. Þegar fjárfestar selja þá fyrst innleysta þeir formlega hagnað eða tap. Eftir mikla lækkun hafa jafnvel skapast góð kaupækifæri. Það má leika sér með tölur en allt verður þó að vera innan skynsamlegra marka.

Fyrir rúnum tíu árum átti fréttakona viðtal við Aðalstein Jónsson á Eskifirði, „Alla ríka“. Mér er þetta viðtal mjög minnis-

stætt og fannst hann hitta naglann á höfuðið. Eftir spurningar um aflabrögð og fleira spurði fréttakonan hvort hann væri ekki auðugur maður. Allt sagðist lítið vita um það, þetta væru bara pappír ofan í skúffu, og hann bætti við: Þú (þ.e. fréttakonan) ert rík því þú ert ung og átt allt lífið framundan. Fréttakonan varð hálf klumsa við og endaði samtalið þarna nokkuð snögglega.

Fréttáflutningur fjölmiðla af viðskiptalífínu er orðinn miklu meiri og oft á tíðum betri en var fyrir nokkrum árum og því fylgir vissulega töluverð ábyrgð; fréttáflutningur hefur mikil áhrif á markaði. Meðalstórir og litlir fjárfestar drekka í sig fréttáflutning og eru oft fljótir að bregðast við bæði góðum og slæmum fréttum. Þá er það afar mikilvægt að allar upplýsingar – góðar og slæmar fréttir – séu rétt fram reiddar og ekki verið að ýkja hlutina.

Það má áfram búast við töluverðum sveiflum á hlutabréfamörkuðum og við vitum lítið hvort íslenska krónan kemur til með að styrkjast eða veikjast þó allt bendi til að hún veikist þegar horft er til næstu 2 til 3 ára.

Innlendur hlutabréfamarkaður hefur oftast verið úr takti við erlenda markaði, við höfum séð mikla hækkun fyrri hluta ársins, milliuppgjör fyrirtækja eru almennt mjög góð og útrásin heldur áfram. Undanfarnar tvær vikur hefur hins vegar innlendur hlutabréfamarkaður sveiflast nokkuð í takt við erlenda hlutabréfamarkaði án þess að sjáanleg sé nokkur rök fyrir því.

Erlendir fjárfestar eru mjög fáir á innlendum hlutabréfamarkaði, en nokkur fyrirtæki, eins og FL Group, eiga stórt safn erlendra hlutabréfa og þegar það lækkar þá er eðlilegt að gengi þeirra fyrirtækja lækki líka.

Þessar sveiflur á innlendum hlutabréfamarkaði eru í nokkrum takti við erlenda hlutabréfamarkaði og það er ef til vill merki um nýja og breytta tíma. Við erum komin inn í alþjóðlegt fjármálaumhverfi og verðum fyrir áhrifum af bæði góðu og slæmu gengi og góðum og slæmum fréttum af erlendum mörkuðum.



HANDAGANGUR Í ÖSKJUNNI Miðlarar í New York kauphöllinni eru misspenntir fyrir opnun markaðarins eftir horfum hverju sinni. Myndin hér að ofan var tekin fyrr í sumar eftir að bréf í Blackstone Group höfðu tekið vænan kipp eftir skráningu í kauphöllina. MARKAÐURINN/AP

UM VÍÐA VERÖLD

### Neðanjarðarbankar blómstra

Economist | Yfirvöld í Kína uppgötvuðu í síðustu viku lánafyrirtæki þar í landi sem starfað hafði óáreið í neðanjarðarhagkerfinu að því er virðist í ein átt ár að talið er utan laga

og réttar. Umsvifin voru talsverð, jafnvirði tuga ef ekki hundraða milljarða íslenskra króna á ári. Viðskiptavinir bankans voru flest hver millistör fyrirtæki víðs vegar um Kína og fátækir bændur sem hafa átt erfitt með lántökur í hefðbundnum kínverskum bönkum. Að sögn breska tímaritsins Economist voru lán til fyrirtækjanna nýtt að langmestu leyti til spákaupmennsku á fasteigna- og hlutabréfamarkaði. Economist telur líkur á að ólögleg lánastarfsemi sem þessi hafa blómstrað undanfarnar vikur í Kína, ekki síst eftir að stjórnvöld ákváðu að kæla kínverskan hlutabréfamarkað og gera fyrirtækjum erfiðara um vik að taka lán hjá almennum bönkum til að taka þátt í hlutabréfaviðskiptum.

### Hægfare indverskur fill

Fortune | Uppgangur bandaríska risamarkaðarins Wal-Mart, einnar stærstu verslanakeðju í heimi, hefur verið heldur hægari á Indlandi en gert var ráð fyrir í fyrstu. Fjölmargar af stærstu verslanakeðjum í heimi

höfðu staðið lengi í biðröð eftir því að komast inn á þennan geysistöra markað. Dyrnar opnuðust hins vegar fyrr á árinu fyrir Wal-Mart, sem ráðgerði að opna fjölmargar verslanir í þessu milljarðalandi á árinu í samstarfi við Sunil Mittal, einn af ríkustu mönnum landsins. Helsti keppinautur Wal-Mart á Indlandi, verslanakeðjan Reliance Retail, hefur það sem af er ári opnað 230 litlar búðir á Indlandi og áætlað að opna 17 stórverslanir á næsta ári. Á sama tíma þokast hægt hjá Wal-Mart sem hefur ekki opnað neina verslun þar í landi. Bandaríska viðskiptatímaritið Fortune segir í vikunni indverska fíllinn hægfarari en vonast var til og hilli ekki undir verslanarekstur Wal-Mart þar fyrr en í fyrsta lagi á næsta ári.

## SAMNINGATÆKNI

Svarið er:  
Nei!

Rannsókn við Carnegie Mellon háskóla í Bandaríkjunum sýnir að konur sem útskrifuðust með meistaraþróf frá skólanum fengu 7,6% lægri byrjunarlaun en karlar með sömu menntun. Meginástæða var sú að 93% kvennanna samþykktu fyrsta tilboð frá atvinnurekanda meðan 57% karlanna höfnuðu fyrsta tilboði og fóru fram á meiri peninga.

Þeir sem báðu um meira (7% kvenna og 57% karla) fengu að jafnaði 7,3% hærra laun en þeir sem ekki báðu um meira – sem er nánast sama fjárhæð og mismunurinn á milli þeirra launa sem konurnar og karlarnir náðu fram. Lærdómurinn er einfaldur: Ekki samþykkja fyrsta tilboð! Þú verður að semja. Það er rétt að gera ráð fyrir því að fólk hafi samningssvigrúm – í þessu tilviki að atvinnurekandinn geti og muni hækka sig frá fyrsta tilboði sínu. Að sama skapi má atvinnurekandi gera ráð fyrir því að starfsmaður sem fer fram með launakröfur sé tilbúinn til þess að bakka eitthvað. Nákvæmlega það sama á við um kaup á vörum og þjónustu: Þú hagnast á því að hafna fyrsta tilboði og semja um niðurstöðuna.

## AÐ SEMJA EÐA EKKI SEMJA

Fyrsta skrefið í átt að betri árangri í samningaviðræðum er að fara í samningaviðræður. Staðreyndin er sú að langflestir missa af tækifærum til að semja einfaldlega vegna þess að þeir ganga að þeim kjörum sem þeim eru boðin – hvort sem um er að ræða laun eða kaup á vöru eða þjónustu.

Það er rétt að í sumum tilvikum er alls ekki hægt að semja – yfirleitt vegna þess að þeir sem þú átt í samskiptum við hafa ekki umboð til samninga, eins og afgreiðslumaðurinn á kassanum í kjörbúðinni. Hins vegar eru mun fleiri tækifæri til samninga en flestir halda. Ein af meginbreytingunum sem hafa átt sér stað í viðskiptalífnum er að við höfum horfið frá tilbúnum lausnum yfir í lausnir sem eru klæðskerasaumaðar fyrir þarfir hvers og eins viðskiptavinar. Auk þess hefur samkeppni aukist á flestum sviðum. Hvoru tveggja fylgja aukin tækifæri til þess að semja um alla þætti – kostnað, samsetningu, afhendingu, greiðslutilhögum o.s.frv. Áður fyrr fékkst þú aðeins val á milli innlána og útlána í bankanum þínum en núna hvetja bankarnir fólk til að hringja og „fá tilboð í bankaviðskipti“.

## ÆVINTÝRALEGUR ÁRANGUR

Deepak Malhotra, sem nú er prófessor við Harvard Business School, setti eitt sinn kvöldskólanemendum í samningatækni fyrir það verkefni að „semja um eitthvað fyrir sjálfan þig eða vinnuna“ og skrifa stutta skýrslu. Af 45 nemendum gerðu 35 skýrslu um persónu-

legar samningaviðræður (laun, leigu, kaup á húsgögnum o.s.frv.) meðan tíu sögðu frá samningaviðræðum sem þeir fóru í fyrir hönd atvinnurekanda (samningur við þjónustuaðila, vörukaup, sala á þjónustu o.s.frv.).

Þeir sem sömdu fyrir hönd sjálfs sín spöruðu að meðaltali um 200.000 krónur á meðan þeir sem sömdu fyrir hönd atvinnurekanda spöruðu að meðaltali 25 milljónir króna! Sumir náðu mun meiri árangri. Þegar nemendur voru spurðir hvað það væri sem hefði skilað þeim svo ævintýrlega góðum árangri var svarið: „Sú staðreynd að við sömdum í stað þess að samþykkja það sem okkur var boðið!“ Það sem nem-

endur lærðu af þessari reynslu var að þeir gátu samið um hluti sem þeim hefði ekki dottið í hug að semja um áður. Þeir sem bera sig rétt að í samningaviðræðum ná mun betri árangri en hinir sem ekki hafa hjálfun í samningatækni – en grunnurinn er: Að semja í stað þess að samþykkja!

Aðalsteinn  
Leifsson,  
lektor við  
Háskólann  
í Reykjavík  
og kennari í  
samningatækni.



Sami aðgangur að gögnum heima og í vinnunni

Fjarvinnulausnir

Það er Síminn

ICEBANK

## FRUMKVÆÐI

Samstarf okkar við viðskiptavini snýst um að ná árangri. Í þeirri vinnu sýnum við frumkvæði, áræði, snerpu og traust. Við erum Icebank.

Icebank er viðskiptabanki sem leggur áherslu á heildsölu- og fjárfestingarbankastarfsemi fyrir innlend sem erlend fjármálfyrirtæki, fagfjárfesta og aðra stærri aðila.



www.icebank.is

Auglýsingasími

512  
5050



– Mest lesið

# Áhættusamur rekstur í jarðvinnsluöðnaði

Verktakafyrirtækið Klæðning hefur sett sér skýr markmið fyrir næstu þrjú ár. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson settist niður með Sigþóri Ara Sigþórssyni, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, fræddist um áhættuna í jarðvegsvinnunni og fleiri verkefni á Norðurlandi.

**K**læðning ehf. hefur verið tengd Gunnari Birgissyni, bæjarstjóra í Kópavogi, órofa böndum frá árdögum fyrirtækisins. Rétt er að Gunnar stofnaði fyrirtækið fyrir rúmu 21 ári. Hann seldi hins vegar hlut sinn í Klæðningu fyrir fjórum árum og hefur lítil tengsl við fyrirtækið að öðru leyti en því að hafa sterkara skoðanir á því og verkum þess. Áhrif hans á fyrirtækið og tengslin heyra hins vegar sögunni til.

„Hann hugsar eflaust til okkar, hann Gunnar. Við erum náttúrulega eins og barnið hans,“ segir Sigþór Ari Sigþórsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins síðastliðin fjögur ár. „Ég geri ekki ráð fyrir öðru en að þegar Gunnar ekur um Reykjanesbrautina eða framhjá Smáralind að hann finni eitthvað sem betur megi fara hjá okkur. Þá talar hann örugglega við einhverja sem hann þekkir hjá okkur,“ bætir Sigþór við en neitar þó að kannast við að hafa beina vitneskju um að Gunnar sé að forvitnast um afkomanda sinn, Klæðningu.

Naflastrengurinn er löngu slitinn enda Klæðning komin vel yfir táningsaldur. Klæðning var lengi vel til húsa í Garðabæ en er nú flutt í nágrannabæjarfélagið Hafnarfjörð þar sem fyrirtækið bíður í bráðabirgðahúsnæði við Reykjavíkurveg á meðan nýjar höfuðstöðvar eru í byggingu. Stefnt er að því að fyrirtækið flytji þangað á á næsta ári.

Fjölskylda Gunnars Birgissonar, Gísla Einarssonar og sameignarfélagið Gunnar og Guðmundur stofnuðu Klæðningu árið 1986. Miklar breytingar hafa orðið á rekstri félagsins frá þeim tíma en rekstur Gunnars og Guðmundar var sameinaður fyrirtækinu fyrir sautján árum. Stærsti hlutfafinn nú er JBB byggingar, dótturfélag JB byggingafélags hf. Gísli, einn stofnenda fyrirtækisins er enn í hluthafahópnum ásamt fleirum, þar á meðal Sigþóri.

## BREYTTIR TÍMAR

Kjarnastarfsemi Klæðningar var í upphafi jarðvinnu og vegaklæðningar en með sameiningu við Gunnar og Guðmund víkkaði út starfsemi og bættist við endurnýjun hitaveitulagna auk almennrar viðhaldsvinnu. Nú um stundir sinnir fyrirtækið ýmiss konar mannvirkjagerð og verktakavinnu í byggingariðnaði.



SIGÞÓR ARI SIGÞÓRSSON Framkvæmdastjóri Klæðningar segir fyrirtækið hafa aflað sér mikillar reynslu í verkefnum tengdum jarðgufuvirkjunum.

„Það er betra að gera þetta svona til að dreifa áhættunni,“ segir Sigþór og bætir við að jarðvegsvinna ein og sér sé áhættusamur atvinnuvegur. Margir séu um hituna og samkeppnin mikil. „Það getur verið mikið að gera í flutningi á mold og sandi eitt árið en lítið á því næsta. Þess vegna er betra fyrir fyrirtæki eins og okkar að dreifa áhættunni og bjóða upp á ýmiss konar þjónustu,“ segir hann og bætir við að fyrirtækið hafi sérhæft sig í því að vera í öllu við og undir malbikinu, ekki síst flestu tengdu mannvirkjagerð neðanjarðar, svo sem

stokkum við gufuafsvirkjanir og öðrum frágangi við þær. Af stærstu nýjustu verkum Klæðningar ber að nefna yfirborðsfrágang og jarðvinnu við Helligheidarvirkjun og við Nesjavelli og vinnu við tvöföldun Reykjanesbrautar.

Sigþór segir rekstrarumhverfið hafa batnað mikið frá því sem áður var og vitnar til þess að áður fyrr hafi margir verktakar verið eins konar einyrkjar; þeir hafi átt tækin og reynt að haga seglum eftir vindi. Rekstur fyrirtækja sem einbeittu sér að þessum geira var erfiður og heyra mörg þeirra sögunni til.

„Áður fyrr snérist allt um kaup á tækjum og rekstur þeirra,“ segir Sigþór og bendir á að menn hafi fjármagnað kaup á tækjum með yfirdrætti til allt að fimm ára, setið uppi með dýrar vélar sem þeir þurftu að borga af og neyðst til að finna vinnu fyrir tækin, jafnvel fara í undirboð til að fá eitthvað að gera. Sigþór segir þetta liðinn tíma. „Fjármögnun í dag er mun einfaldari og sveigjanlegri. Við tökum lán í erlendri mynt til tækjakaupa að utan og seljum þau frá okkur aftur þegar hlutverki þeirra í ákveðnum verkum er lokið,“ segir Sigþór og

## Klæðning ehf

**Eigendur:** JBB byggingar ehf., Gísli Eysteinnsson, Sigþór Ari Sigþórsson og fleiri.  
**Starfsemi:** Jarðvinnu, vegaklæðningar, vegagerð, verktakavinnu í byggingariðnaði.  
**Fjöldi starfsmanna:** 100  
**Velta:** 2,6 milljarðar króna  
**Eigið fé:** 400 milljónir  
**Staðsetning:** Reykjavíkurvegur 68, Hafnarfirði.  
**Stofnár:** 1986

bætir við að meðalverk standi yfir í um hálf tveggja ára en harla sjaldgæft sé að þau vari í meira en ár, hvað þá tvö til þrjú. Sömuleiðis sé hægt að leigja tæki í tengslum við skemmri verkefni, að hans sögn. „Menn þurfa einfaldlega ekki að sitja lengur uppi með mörg hundruð milljóna króna fjárfestingar og finna verkefni fyrir tækin.“

## SKÝR MARKMIÐ

Þótt yfirbyggingin yfir rekstur Klæðningar sé lítil hefur fyrirtækið vaxið mikið á því 21 ári sem það hefur starfað. Starfsmannafjöldi fyrirtækisins hefur tífaldast og velta sömuleiðis. Eitt hundrað starfsmenn voru á launaskrá fyrirtækisins á síðasta ári og nam veltan 2,6 milljörðum króna, sem er áttföldun á þremur árum en hún hefur aldrei verið meiri. Gert er ráð fyrir því að veltan verði svipuð í ár. Sigþór bendir þó á að veltan í jarðvinnugeiranum sé alla jafna ekki mikil. Það skýrist af fremur ódýru efni. „Moldin sem slitlitr litlu heldur felst kostnaðurinn og veltan í akstri á milli staða,“ segir hann.

Eigið fé Klæðningar nam 400 milljónum króna undir lok síðasta árs en stefnt er að því að það verði einn milljarður króna eftir þrjú ár. Sigþór segir fyrirtækið vel geta náð markmiðum sínum þótt velta sé alla jafna ekki mikil í jarðvinnugeiranum. Þótt veltan hafi aukist mikið síðastliðin ár hafi innri vöxtur fyrirtækisins verið lítil, að hans sögn. „Þetta er ekki nema hluti af veltunni því við erum með mikið af undirverktökum til að dreifa áhættunni í sveiflukennendum rekstri,“ segir Sigþór og bætir við að með þessu fyrirkomulagi verði rekstur fyrirtækisins sveigjanlegri og geti það dregið veltuna saman um helming ef svo ber undir.

## EÐLILEGT FRAMBOÐ

Klæðning hefur reynt að fylgja stórum framkvæmdum og telur Sigþór það hafa tekist vel þar sem fyrirtækið uppfylli ákveðin skilyrði um veltutölur og eigið fé. Hann segir fyrirtækið reikna með að virkjanastefnan verði mun hóflegri á næstu árum en undangengin ár og eðlilegt framboð verði á verkefnum sveitarfélaga. Horfur er til þess að virkjanastefna verði frekar á Norðurlandi og álver byggt við Húsavík. Fyrirtækið hefur þegar lagt grunninn að starfsemi sinni á Norðurlandi í tengslum við það og ætlar að gera út frá Akureyri. „Við erum betur í stakk búnir fyrir framkvæmdir tengdum jarðgufuvirkjunum en vatnsaflsvirkjunum, þeirrar reynslu öfluum við okkur við Helligheidarvirkjun og á Nesjavöllum,“ segir Sigþór Ari Sigþórsson, framkvæmdastjóri Klæðningar ehf.

**Er heitt og þungt loft á þínum vinnustað? Komfort loftkæling er svarið**

- Rétt hitastig og hreint loft
- Eyðir svifögnum, lykt ofl.
- Bætir heilsuna og eykur velliðan og afköst starfsmanna

Gott úrval til á lager af öllum helstu gerðum.  
Komum á staðinn og veitum ókeypis ráðgjöf. s. 440-1800

www.kaelitækni.is Okkar þekking nýtist þér ...

Sama mínútuverð í 20 helstu viðskiptalöndum og innanlands

Þú í útlöndum

Það er Síminn



512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

Í KVÖLD KL. 18:35 SÝN 2

# PORTSMOUTH MAN. UTD.

KL. 18:55 READING - CHELSEA

KL. 18:40 BIRMINGHAM - SUNDERLAND

KL. 18:40 FULHAM - BOLTON

KL. 18:40 MAN. CITY - DERBY

SÝN EXTRA 1

SÝN EXTRA 2

SÝN EXTRA 3

SÝN EXTRA 4



# BOLTINN



ÓDÝRARA Á NETINU  
Gakktu frá áskrift á Netinu  
og fáðu 30% afslátt af  
fyrsta mánuðinum.

**SÝN 2**  
enski boltinn

## Sérsniðnar samskipta- lausnir fyrir þitt fyrirtæki

Fyrirtækjaþjónusta

Það er Síminn

REYKJAVÍKUR  
MARAFON  
GLITNIS  
18. ÁGÚST 2007



## HVERN ÆTLAR ÞÚ AÐ HEITA Á?

Þú getur tekið þátt með því að finna einstakling eða góðgerðafélag á [www.marathon.is](http://www.marathon.is)

## GJALDMIÐLAR OG ALÞJÓÐAVÆÐING

Ráðstefna um áhrif aukins efnahagslegs frelsis í heiminum á stöðu gjaldmiðla

Hótel Nordica  
Fimmtudaginn 23. ágúst



### DAGSKRÁ RÁÐSTEFNUNNAR

- 16:10 Setningarávarp  
*Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra.*
- 16:15 Endalok þjóðargjaldmiðla  
*Benn Steil, forstöðumaður alþjóðahagfræðisviðs hjá Council on Foreign Relations.*
- 16:35 Smáriki og myntbandalög  
*Gabriel Stein, aðalhafgræðingur alþjóðahagfræðisviðs hjá Lombard Street Research.*
- 16:55 Dollaravæðing, skref fyrir skref  
*Manuel Hinds, fyrrum fjármálaráðherra El Salvador.*
- Kaffihlé
- 17:30 Staða íslensku krónunnar  
*Ársæll Valfells, lektor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.*
- 17:50 Pallborðsumræður  
*Auk framsögumanna munu innlendir sérfræðingur og aðilar úr viðskiptalífnum ræða nánar um málefni ráðstefnunnar.*
- Gert er ráð fyrir að ráðstefnunni ljúki um kl. 18:30.

Fundurinn fer fram á ensku. Allir velkomnir.  
Nánari upplýsingar á [www.rse.is](http://www.rse.is)  
Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál.



## Samskip auka siglingar innan Evrópu

Siglingar Samskipa milli Zeebrugge í Belgíu og hafna í Skandinavíu og Eystrasaltslöndunum, með viðkomu í Rotterdam og á Bretlandseyjum, hefjast 17. ágúst næstkomandi. Um er að ræða vikulegar áætlunarsiglingar og aukast með þeim nokkuð umsvif í Evrópusiglingum félagsins.

Siglingarnar eru sagðar vera liður í uppbyggingaráformum Samskipa og hafnaryfirvalda í Zeebrugge sem tilkynnt var um í byrjun þessa árs. „Þá hófust jafnframt reglubundnar siglingar á vegum Samskipa milli Zeebrugge og hafna á Írlandi,“ segir í tilkynningu félagsins.

Uppbygging á gámaflutninga-starfsemi Samskipa í Zeebrugge fer fram í samstarfi við belgíska gámalöndunarfyrirtækið PSA HNN. Rotterdam er eftir sem áður sögð vera þungamiðjan í Evrópuflutningum félagsins.



SAMSKIP PIONEER Eitt af nýjustu skipum Samskipa, Samskip Pioneer, við bryggju hjá PSA HNN í Zeebrugge.

Innan Evrópu eru Samskip nú með 26 skip í föstum áætlunarsiglingum og er gámaflutningaþjónusta félagsins ein sú umfangsmesta í álfunni.


- óká

## Glitnisáheiti SOS til Sómalíu

SOS-barnaþorpin hafa ákveðið að senda þá fjármuni sem safnast vegna Reykjavíkumaraþons Glitnis, sem fram fer næsta laugardag, til Sómalíu. Þrjátíu og átta einstaklingar hafa skráð sig í maraþonið með það að markmiði að safna fé handa SOS-barnaþorpinum. Þar starfrækja samtökin barnaþorp, leikskóla, ungmennaheimili, tvo grunnskóla, verknaðsstöð og spítala auk þess að sinna neyðarverkefnum þegar við á.

Mikil átök hafa verið í Sómalíu frá því snemma árs 2006 þegar stríð braust út milli pólitískra fylkinga. Her bráðabirgðastjórnar Sómalíu náði landinu á sitt vald um síðustu áramót en átök standa enn, sérstaklega í höfuðborginni Mógadísjú.

Í fréttatilkynningu frá SOS-barnaþorpinum kemur fram að sómalískir hermenn hafi nú sett upp tjaldbúðir þrjú hundruð metrum frá SOS-barnaþorpinu í Mógadísjú. Þeir hafi lokað öllum vegum sem leiða að þorpinu og SOS-spítalanum sem sérhæfður er í mæðra-vern. Leyfa þeir engum nýjum sjúklingum að komast inn á spítalan. Starfsfólk SOS heldur störfum sínum áfram með þeim sjúklingum sem fyrir voru og ætlar ekki að yfirgefa svæðið. Ríkisstjórnin hefur lofað að það fái að halda vinnu sinni áfram óhindrað þegar ástandið skánar. Mikil þörf mun því vera fyrir aðstoð til Sómalíu.



Í BARNAPORPI SOS Í MÓGADÍSJÚ SOS-barnaþorpin hafa ákveðið að senda alla þá fjármuni sem safnast samtökunum til handa í Glitnishlaupinu til Sómalíu.

- lms

## Betware nemur land á Spáni

Undirritaður hefur verið samningur íslenska hugbúnaðar- og þjónustufyrirtækisins Betware og Spænska ríkislottósins um að Betware þjónusti lottóið á sviði gagnvirkra leikja. Samningurinn er gerður við STL (Sistemas Técnicos de Loterías del Estado) sem er að fullu í eigu ríkislottósins.

„Spænska ríkislottóið vill þróa leikjaframboð sitt þannig að viðskiptavinir geti tekið þátt í leikjum á Internetinu, farsímum og gagnvirkum sjónvarpi,“ segir í tilkynningu Betware. Þar kemur einnig fram að þeir leikir sem STL býður upp á nú þegar verði jafnframt fluttir yfir í kerfi Betware.

Haft er eftir Alfonso P. Fernandez hjá STL að meðal annars hafi verið horft til sveigjanleika lausnar Betware sem þýði að hægt sé á skömmum tíma að bæta við nýjum leikum.

„Samningurinn við STL skiptir miklu máli fyrir Betware þar sem um er að ræða eitt stærsta ríkislottó í heimi. Árið 2005 var



STEFÁN HRAFNKELSSON Stefán er framkvæmdastjóri og stofnandi Betware sem veitir Spænska ríkislottóinu þjónustu samkvæmt nýjum samningi.


MARKAÐURINN/GVA

Spænska ríkislottóið það stærsta í heimi með 11 milljarða dollara í sölutekjur sem er nálægt 13 prósentum af heildarsölu allra lottómiða í Evrópu. Segja má að með þessum samningi sé Betware komið á kortið sem verðgur keppinautur á þessum markaði,“ segir í tilkynningunni um samninginn, en í kjölfar hans er

fyrirtækið sagt munu stækka um að minnsta kosti helming.

Betware var stofnað árið 1998 og er með höfuðstöðvar í Reykjavík. Að auki er fyrirtækið með þrjú útibú í Evrópu og Norður-Ameríku. Hjá Betware starfa ríflega 60 manns, en áætlanir gera ráð fyrir að starfsmenn verði um 90 fyrir árslok.

- óká



## Vinnustaður á hjólum

### Hiace - harðduglegur og iðjusamur

Hiace hefur skapað sér einstaklega gott orðspor meðal íslenskra atvinnubílstjóra, enda er bíllinn skynsamlega hannaður með notagildi og aðbúnað ökumanns að leiðarljósi. Fjölbreytilegar aðstæður kalla á fjölhæfan bíl, lipran, háan, breiðan, stöðugan, öruggan og umfram allt meðfærilegan. Þetta færðu allt með Hiace.

Komdu og reynsluaktu Hiace.



Verð frá 2.440.000. kr.\*

\*Gildir fyrir Hiace 2WD, stuttan, dísel.

Toyota Kópavogi  
Nýbýlavegi 4  
Kópavogur  
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

Toyota Reykjaneshæ  
Njarðarbraut 19  
Reykjaneshæ  
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
Selfoss  
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi  
Miðási 2  
Egilsstaðir  
Sími: 470-5070

TODAY TOMORROW  TOYOTA

## BANKHÓLFID



### Hjálpa til með guðsgjöfina

„Falleg húð er guðsgjöf, en því miður er þurr húð það líka,“ segir í tilkynningu fréttaveitunnar FOCUS Information Agency í Sofíu í Búlgaríu. Þetta er inngangur að umfjöllun um húðþurrk sem plagar víst fallega fólkið líka eftir göngutúra, sundferðir og almennan barning sumarsins.

Lausnin segir fréttastofan svo að sé fólgin í kremum sem Actavis framleiðir og kallast DECUBAL og hefur væntanlega eftir fyrirtækinu að þau innihaldi vítamín og önnur efni sem til þurfi til að endurnýja og laga það sem aflaga hefur farið.

Hvort DECUBAL-kremin gera meira gagn en annar á móta smurningur skal hér ósagt látið. En eftir tíðarfarið sem hér hefur verið ríkjandi í sumar er spurning hvort ekki er vaxandi markaður fyrir varning sem vætir upp í sólpurrkaðri húð.

### Miklar væntingar

Sparisjóðurinn í Keflavík skilaði 4,6 milljarða króna hagnaði á fyrri hluta ársins, sem var fjórfalt betri afkoma en í fyrra. Hlutabréfaeign sparisjóðsins í Exista og góð afkoma hlutdeildarfélaganna skýra þessa fínu afkomu öðru fremur. Sérstaka athygli vekur að hlutfall kostnaðar af rekstrartekjum nam aðeins rúmum tíu prósentum. Einnig er athyglisvert að núverandi markaðsvirði sparisjóðsins, um 47,7 milljarða króna, er hvorki meira né minna en 85 prósent af heildareignum sparisjóðsins, sem voru 55,9 milljarðar um mitt þetta ár.

### Ekkifrétir

Samkeppni á bankamarkaði á sér ýmsar birtingarmyndir. Bankarnir slást um viðskiptavinina og sparisjóðirnir veita þeim verðuga samkeppni. Ekki á öllum sviðum þó. Vikulega sendir SPRON frá sér rafrænar fjármálafréttir. Þær berast iðulega á mánudagsmorgnum – en stundum ekki fyrr en á þriðjudögum – og fjalla um tíðindi af markaði í vikunni á undan. Greiningardeildir bankanna þriggja senda frá sér svipuð fréttabréf. Þau berast hins vegar daglega og fjalla um fréttir dagsins. Óhjákvæmilega lenda því fjármálafréttir SPRON í ruslakörfunni. Það er synd og skömm. Ágætt gagn væri af þeim ef þær kæmu á þeim tíma sem þær væru enn fréttir en ekki ekkifrétir.

**20%** fjölgun bankamanna frá upphafi þessa árs til júniloka.

**110** milljarða króna rýmun á markaðsvirði félaga í Úrvalsvisitölu á föstudaginn, þegar verðfall varð á mörkuðum víða um heim.

**3,4%** tólf mánaða verðbólga í ágúst og hefur ekki mælst lægri frá því í júní árið 2005.



# pgv

## LENGDU SUMARIÐ ...

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLIÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND OG VATNSPÉTTING

PGV ehf. framleiðir viðhaldsfrjár sólstofur og svalalokanir úr PVC-u. Þeim fylgir 10 ára ábyrgð.

Sólstofurnar eru á frábæru verði og eru einfaldar og fljótlegar í uppsetningu.

Framleiðum einnig viðhaldsfrjá PVC-u glugga og hurðir á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds.

Hafðu samband og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

PGV ehf. · Bæjarhrauni 6 · 220 Hafnafjörður · Sími: 564 6080 · Fax: 564 6081 · www.pgv.is

# 512 5050

Auglýsingasími



- Mest lesið